

„Segðu satt“: Pólítískt traust og væntingar til stjórnmalafólks á Íslandi, 2020-2023

Viktor Orri Valgarðsson, nýdoktor í stjórnmálafræði
Sigurbjörg Sigurgeirsdóttir, prófessor í opinberri stjórnsýslu

Útdráttur

Pólítískt traust hrundi á Íslandi árið 2008 og náði sér ekki á strik næstu ár þrátt fyrir verulegan efnahagsbata. Árin 2021-2022 virtist traustið hafa náð fyrri hæðum, en óljóst er hvort það var tímabundin aukning vegna heimsfaraldurs eða merki um varanlega þróun. Í þessari rannsókn skoðum við þróun pólítísku trausts á Íslandi undanfarin ár, með áherslu á tvær ólíkar uppsprettur þess: hæfni annars vegar og heilindi hins vegar. Okkar tilgáta er sú að hrunið hafi ekki bara laskað álit íslensks almennings á hæfni stjórnmalafólks, heldur líka á heilindum þeirra. Við prófum tilgátuna óbeint með því að skoða sambandið á milli pólítísku trausts og ólíkra væntinga almennings til stjórnmalafólks, með gögnum úr könnunum tímabilið 2020-2023. Niðurstöðurnar benda til þess að þau sem leggja meiri áherslu á heilindi stjórnmalafólks treysti alþingismönnum minna en þau sem leggja meiri áherslu á hæfni treysti þeim meira, að teknu tilliti til flokksvals og lýðfræðilegra þátta. Sömuleiðis benda niðurstöðurnar til þess að almenningur hafi árin 2020-2022 lagt mesta áherslu á eiginleika sem tengjast hæfni stjórnmalafólks en árið 2023 hafi áherslan færst yfir á heilindi og þá hafi pólítískt traust minnkað aftur á svipað stig og fyrir faraldur. Þessar niðurstöður benda til þess að þegar íslenskur almenningur leggur áherslu á heilindi í stjórnmálum sé pólítískt traust lágt, en þegar hæfni þykir skipta meira máli sé traustið hærri. Þetta gæti skýrt hvers vegna pólítískt traust virðist enn ekki hafa náð sér eftir fjármálahrunið þrátt fyrir efnahagsbata, ef íslenskt stjórnmalafólk hefur enn ekki endurheimt orðspor sitt fyrir heilindi.

Efnisorð: Pólítískt traust; hæfni; heilindi; COVID-19; fjármálahrunið.



Icelandic Review of Politics and Administration Vol. 19, Issue 2 (71-106)

© 2023 Contact: Viktor Orri Valgarðsson, V.O.Valgardsson@soton.ac.uk

Article first published online December 14th 2023 on <http://www.stjornmalogstjornsysla.is>

Publisher: Institute of Public Administration and Politics, Gimli, Sæmundargötu 10, 102 Reykjavík, Iceland

Stjórnmál & stjórnsýsla 2. tbl. 19. árg. 2023 (71-106) Fræðigreinar

© 2023 Tengiliður: Viktor Orri Valgarðsson, V.O.Valgardsson@soton.ac.uk

Vefbirting 14. desember 2023 - Birtist á vefnum <http://www.stjornmalogstjornsysla.is>

Útgefandi: Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála, Gimli, Sæmundargötu 10, 102 Reykjavík

DOI: <https://doi.org/10.13177/irpa.a.2023.19.2.1>

This work is licensed under a Creative Commons Attribution 3.0 License.

”Tell the truth”: Political trust and expectations of politicians in Iceland 2020-2023**Abstract**

Political trust in Iceland collapsed in 2008 and did not appear to recover in the following years despite substantial economic growth. In 2021-2022, trust seemed to have reached pre-crisis levels, but it is unclear whether this was a temporary increase due to the COVID-19 pandemic or indicative of a more permanent development. In this study we explore the trajectory of political trust in Iceland in recent years, with a focus on two distinct sources of trust: competence and integrity. Our hypothesis is that the 2008 economic crisis did not only damage the Icelandic people's view of politicians' competence, but also their integrity. We test this hypothesis indirectly by analysing the relationship between political trust and expectations of politicians in Iceland, using data from surveys conducted yearly between 2020 and 2023. Our results suggest that Icelanders who prioritize the integrity of politicians tend to trust MPs less than those who prioritize attributes related to competence, taking partisanship and demographic factors into account. The results also suggest that the public placed more priority on competence attributes in 2020-2022 but in 2023 the emphasis appears to have shifted towards integrity and in that year, political trust declined to a similar level as before the pandemic. These findings suggest that when the Icelandic public places more priority on integrity, their levels of political trust are low, but when competence is valued more, trust is higher. This may explain why political trust does not appear to have recovered after the financial crisis despite economic recovery if Icelandic politicians have not regained their reputation for integrity.

Keywords: Political trust; competence; integrity; Covid-19; financial crisis.

Inngangur

„Síðan vil ég einfaldlega sem formaður Sjálfstæðisflokksins senda út þau skýru skilaboð að við störfum að almannaheill af fullum heilindum”.

-Bjarni Benediktsson, 10. október 2023

Pólítískt traust, þ.e. traust almennings til stjórnvalda og stjórnmafólks, hefur farið minnkandi í ýmsum gamalgrónum lýðræðisríkjum undanfarna áratugi (Dalton 2004, 2017; Citrin & Stoker 2018; Jennings o.fl. 2017; Torcal & Christmann 2021; Dassonneville & McAllister 2021) og hugmyndin um að lýðræðið sem slíkt sé í krísu á heimsvísu er orðin ríkjandi í bæði almennri og fræðilegri umfjöllun (Ercan & Gagnon 2014; Plattner 2015; Runciman 2018; Levitsky & Ziblatt 2018; Mounk 2018). Minnkandi pólítískt traust

er ein af meginástæðum sem vitnað er til því til stuðnings (sjá t.d. Hay 2007; Stoker 2017; Smith 2009; Chou o.fl. 2017) en þó hafa ýmsar alþjóðlegar rannsóknir komist að þeirri niðurstöðu að á heimsvísu fari traust ekki endilega minnkandi á heildina litið, heldur einkennist mælingar á trausti frekar af „ókerfisbundnum sveiflum“ (e. „trendless fluctuations“) og til dæmis mælist traust enn mikið og hafi jafnvel farið vaxandi á Norðurlöndunum (van Ham o.fl. 2017; van der Meer 2017; Norris 2011). Í þessari rannsókn spyrjum við hvernig pólitískt traust hefur þróast á Íslandi undanfarin ár, og hvort sveiflur sem koma fram í mælingum á trausti í kringum COVID-19 heimsfaraldurinn hafi einkennst af breytilegum væntingum almennings til stjórnmalafólks, sérstaklega þegar kemur að væntingum til heilinda þess annars vegar og hæfni hins vegar.

Fram að hrúni mældist pólitískt traust á Íslandi hátt eins og á hinum Norðurlöndunum (Sjöfn Vilhelmsdóttir 2020; Torcal 2017), en í kjölfar fjármálahrúnsins hrundi traustið. Í febrúar árið 2008 sögðust 42% svarenda í Þjóðarpólí Gallup bera „frekar“ eða „mjög“ mikið traust til Alþingis, en ári síðar var það hlutfall komið niður í 13% (Tómas Bjarnason 2012; Gallup 2023). Þrátt fyrir verulegan efnahagsbata næstu árin virtist pólitískt traust ekki ætla að ná fyrri hæðum. Árið 2017 var hverfandi atvinnuleysi í landinu og hagvöxtur álíka mikill og árin fyrir hrún (Gylfi Zoega 2018) en þetta sama ár mældist traust til Alþingis einungis 22% - enn 20 prósentustigum lægra en árið 2008 (Gallup 2023; Guðrún Johnsen & Sigurbjörg Sigurgeirsdóttir 2018a). Sjöfn Vilhelmsdóttir & Gunnar Helgi Kristinsson (2018) tókust á við þessa ráðgátu og komust að þeirri niðurstöðu að efnahagsbati nægði ekki til að vinna pólitískt traust almennings á ný, m.a. af því að flokkshollusta, eða samsömun fólks við hefðbundna stjórnmalaflokka, væri minni eftir fjármálahrúnið og ekki jafnmikill áhrifaþáttur, og einnig virtust yngstu og elstu aldurshóparnir vera brenndari af reynslu hrúnsins en aðrir. Eins og Guðrún Johnsen og Sigurbjörg Sigurgeirsdóttir (2018a) komast að orði: þegar kemur að pólitísku trausti þá tókum við lyftuna niður, en þurfum að ganga stigann á leiðinni upp.

Í nýlegri bók sinni komast Eva H. Önnudóttir o.fl. (2021) hins vegar að þeirri niðurstöðu að svo virðist sem pólitískt traust hafi nálgast fyrri hæðir á undanförunum árum. Traust til Alþingis mældist til dæmis jafnhátt í Þjóðarpólí Gallup árið 2018 og það hafði mælt árið 2007 (29%), og árin 2021 og 2022 mældist það enn herra (34% og 36%). Síðarnefndu tvö árin voru auðvitað lituð af heimsfaraldri og þeim fordæmalausu aðstæðum sem hann skapaði í íslenskum stjórnmalum og samfélagi. Traust til stjórnvalda jókst verulega víða um heim í COVID-19 faraldrinum (Devine o.fl. 2021), hvort sem það var vegna sálfræðilegrar tilhneigingar fólks til að fylkja sér á bak við yfirvöld á erfíðum tímum (e. „rally around the flag effect“) (Schraff 2021; Hegewald & Schraff 2022) eða vegna stuðnings borgara við sóttvarnaaðgerðir stjórnvalda (Bol o.fl. 2021). Það er því óljóst hvort pólitískt traust á Íslandi hafi aftur náð jafnvægi á því stigi sem það var í fyrir hrún, eða hvort það hafi aðeins aukist tímabundið vegna faraldursins.

Í þessari rannsókn skoðum við ekki aðeins hvernig pólitískt traust þróaðist á Íslandi í heimsfaraldrinum, heldur einnig hvaða væntingar almennigur hafði til stjórnmalafólks á þeim tíma og hvernig ólíkar væntingar tengdust trausti til stjórnmalafólks árin 2020-2023. Alþjóðlegar rannsóknir í stjórnmalafraeði benda til þess að traust í garð

stjórnvalda og stjórnmálafólks byggist á margs konar aðskildum væntingum, sérstaklega hæfni (e. competence) annars vegar og heilindum (e. integrity) hins vegar. Aðrir þættir virðast líka geta skipt máli, eins og það hversu velviljað (e. benevolent) og „ekta“ (e. authentic) stjórnmálafólk virðist vera (Garzia, 2011; Grimmeliikhuisen & Knies, 2017; Mayer o.fl., 1995; Viktor Valgarðsson o.fl., 2021). Rannsóknir benda sömuleiðis til þess að það hvaða þættir eru eftir á baugi (e. salient) í umræðunni, ofarlega í hugum almennings, og það hvaða ímynd stjórnvöld og ráðandi flokkar hafa í þessum efnum (Green 2007; Green & Jennings 2017) geti mótað pólítískt traust og hvernig það þróast yfir tíma (Hetherington & Husser 2012; Citrin & Stoker 2018). Í þessu samhengi fara Sigurbjörg Sigurgeirsdóttir og Guðrún Johnsen (2018b) rök fyrir því að ein meginástæða þess að pólítískt traust náði sér ekki eftir hrun á Íslandi hafi verið sú að þau vafasömu tengsl og spillta hegðun stjórnmálafólks sem hrunið afhjúpaði hafi haldið áfram að koma upp í samfélaginu með nýjum atburðum og uppljóstrunum löngu eftir hrun, t.d. með opinberun Panama-skjalanna árið 2016.

Með öðrum orðum getur verið að pólítískt traust hafi aðeins náð sér að hluta eftir hrun vegna þess að ímynd íslenskra stjórnvalda um *hæfni* við stjórn efnahagsmála hafi ekki bara skaðast í hruninu, heldur einnig ímynd þeirra um *heilindi*. Þó efnahagurinn hafi náð sér eftir fjármálahrunið þá er óvíst hvort *heilindi* í íslenskum stjórnmálum hafi gert það, a.m.k. í augum almennings. Ef það er raunin ættu íslenskir kjósendur sem leggja meiri áherslu á þætti sem tengjast *heilindum* að treysta stjórnmálafólki minna, en þeir sem aftur á móti leggja áherslu á *hæfni* stjórnmálafólks að treysta þeim meira. Á móti kemur að í heimsfaraldri er viðbúið að pólítískur ágreiningur sem snýst um *heilindi* hafi minna vægi í huga almennings, og að *hæfni* stjórnvalda til að vernda samfélagið, líf og heilsu almennings, hafi meira vægi (e. salience). Þannig má búast við því að traust hafi aukist í heimsfaraldrinum og að það kunni að endurspegla kröfu kjósenda um *hæfni*, en að kjósendur sem aftur á móti leggja meiri áherslu á *heilindi* hafi áfram borið minna traust til stjórnmálafólks í faraldrinum, og að þannig gæti traust hafa minnkað aftur í kjölfar faraldursins, þegar heilindi gætu hafa farið að skipta meira máli aftur. Ekki er ólíklegt að Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, hafi haft þetta í huga þegar hann mælti orðin sem við hófum þessa grein á, á blaðamannafundi þar sem hann tilkynnti um afsögn sína sem fjármálaráðherra.

Í þessari rannsókn prófum við ofangreindar tilgátur með því að greina gögn úr könnunum um traust til íslensks stjórnmálafólks sem lagðar voru fyrir handahófsúrtak íslenskra kjósenda í febrúar á hverju ári frá árinu 2018 til og með 2023. Megingreiningin okkar byggir á gögnunum frá árunum 2020–2023, þar sem spurt var sérstaklega um það hvaða þætti væri mikilvægt að stjórnmálafólk tileinkaði sér til að vera traustvekjandi og svarendur bednir um að forgangsraða ýmsum þáttum sem tengjast hæfni, heilindum og fleiru. Við byrjum á því að skoða hvernig traust og forgangsöröðun almennings hefur þróast á þessum árum, áður en við notum fjölbreytu-aðhvarfsgreiningu til að kanna það hvernig breytileg forgangsöröðun kjósenda tengist pólítísku trausti þeirra. Í næsta kafla förum við nánar yfir kenningar og fyrri rannsóknir um pólítískt traust, hvernig það mótast og þróast á krísutímum, og hvernig það tengist ólíkum væntingum kjósenda.

1. Pólítískt traust og væntingar til stjórnmálafólks

Pólítískt traust er eitt af þessum hugtökum sem fræðafólk í fögum á borð við stjórnmálafræði, stjórnsýslufræði og heimspeki hafa deilt um skilgreiningar á eins lengi og það hefur verið rannsakað (sjá t.d. PytlikZillig & Kimbrough 2016; Hamm o.fl. 2016; Miller 1974b; Citrin 1974; Easton 1975; Hardin 2006; Uslaner 2018; Marien & Marien 2011; Newton 2008; Zmerli & van der Meer 2017; Kim 2005; Rousseau o.fl. 1998). Í sínum víðasta skilningi vísar hugtakið til jákvæðra tilfinninga og almennrar velvildar í garð stjórnvalda (Citrin & Stoker 2018, 50; Miller 1974a, 952), þ.e. þeirra stofnana og aðila sem sjá um stjórn þeirrar stjórnmálaeiningar (ríkis, svæðis, sveitarfélags eða jafnvel ríkjabandalags) sem einstaklingur tilheyrir. Viðfangsefni pólítísks trausts er því fyrst og fremst löggjafarsamkundur, ríkisstjórnir (sem og fylkisstjórnir og sveitarstjórnir), stjórnmálaflokkar og stjórnmálafólk; en líka í sumum tilvikum aðrar stofnanir ríkisvaldsins, svo sem dómstólar, opinber stjórnsýsla og löggæsla (Devine & Víktor Valgarðsson, 2023; Uslaner, 2018; Zmerli & van der Meer, 2017).

Flest sem rannsaka pólítískt traust láta þó ekki staðar numið við að skilgreina traust sem almenna velvild í garð stjórnvalda, heldur telja að hugtakið hafi sértækari merkingu og vísi til tiltekinnar afstöðu eða sannfæringar sem sé aðgreinanleg frá öðrum (jákvæðum) tilfinningum. William Gamson (1968, p. 54) skilgreindi pólítískt traust sem mat einstaklings á „líkunum á því ... að stjórnkerfið (eða einhver hluti af því) myndi leiða af sér æskilegar niðurstöður jafnvel án eftirlits“ (e. „the probability ... that the political system (or some part of it) will produce preferred outcomes even if left untended.“) David Easton (1975, p. 447) tók upp þessa skilgreiningu og bætti því við að þessar „æskilegu niðurstöður“ sneru fyrst og fremst að því að borgararnir tryðu því að hagsmunum þeirra væri sinnt. Russell Hardin (2004, 2006) og Margaret Levi (1998) gengu enn lengra í þá veru og skilgreindu traust sem „samvinnada hagsmuni“ (e. „encapsulated interest“). Að þeirra mati er traust einfaldlega það þegar ég tel að hagsmunir þínir fari nógu vel saman við mína til að það sé þér í hag að vinna að mínum hag.

Þessi síðastnefnda skilgreining er mjög í anda skynsemishyggjunnar (e. rational choice theory) sem einkenndi stóran hluta félagsvísindalegrar hugsunar lengst af tuttugustu öld (sjá Lowndes, Marsh, & Stoker 2018; Ruscio 1996). Rannsóknir hafa hins vegar bent til þess að svo einfalt sé traust ekki. Traust fólks til annarra (hvort sem það er til fólks eða stofnana) skýrist ekki bara af köldu, rökrænu hagsmunamati, heldur einnig af tilfinningum, hughrifum og samsömun með viðfangi traustsins (Theiss-Morse & Barton 2017; McAllister 1995). Sumt fólk virðist sömuleiðis hafa almennt meiri tilhneigingu en annað til að treysta öðrum, óháð aðstæðum, t.d. vegna persónuleika og uppeldis þeirra (Uslaner 2002; Cawvey o.fl. 2017) Nýlegar rannsóknir benda til þess að pólítískt traust einstaklinga sé mjög stöðugt yfir lengri tíma, sem bendir til þess að rætur þess liggja að stærri hluta í persónuleika og félagsmótun yngri ára heldur en í rökrænu mati á aðstæðum hverju sinni (Devine & Víktor Valgarðsson, 2023; Kiley & Vaisey, 2020).

Þessar rannsóknir falla raunar betur að eldri hugmyndum Gamson og Easton um pólítískt traust heldur en að síðari skynsemishyggju Hardin og Levi. Easton gaf árið 1965 út bók sem var ein fyrsta, og er enn í dag ein áhrifamesta, kerfisbundna umfjöllunin

um hið víðtæka hugtak „pólítískur stuðningur“ (e. political support). Þar gerði hann tímamóta-greinar mun á „almennum“ (e. diffuse) og „sértækum“ (e. specific) stuðningi við stjórnvöld. *Almennur* stuðningur er þá óræðari og djúpstæðari tilfinning um réttmæti þess sem stjórnvöld *eru* í víðum skilningi, þau gildi og leikreglur sem þau byggja á, og þessi tilfinning er talin byggjast upp yfir langan tíma og mynda ákveðinn „forða“ (e. reservoir) stuðnings, eða innistæðu fyrir stuðningi, sem getur þolað tímabundin vonbrigði með stjórnvöld. *Sértækur* stuðningur snýr hins vegar að ánægju fólks með frammistöðu og stefnu stjórnvalda hverju sinni, og þær bjargir og þjónustu sem þau veita þeim í daglegu lífi (Easton, 1965, pp. 272–274). Að mati Easton eru þessar tvær tegundir stuðnings ekki alls ótengdar. Þannig geti sértækur stuðningur við aðgerðir stjórnvalda byggt upp almennan stuðning til lengri tíma (og öfugt). Almennur stuðningur er aftur á móti djúpstæðari, tilfinningalegri og ekki eins viðkvæmur fyrir tímabundnum sveiflum í frammistöðu stjórnvalda, meðan sá sértækari fellur betur að skynsemishyggju Hardin og Levi. Easton tekur sömuleiðis fram að almennur stuðningur fólks mótist sérstaklega á mótunarárum þeirra – í æsku, á unglingsárum og fyrstu fullorðinsárunum – bæði af frammistöðu stjórnvalda á þeim tíma og af öðrum félagsmótunaráhrifum (Easton & Hess 1962).

Easton minnst raunar nær ekkert á pólítískt *traust* sem slíkt í þessu verki, en í grein sinni áratug síðar fjallaði hann um hugtakið og tók eins og áður segir upp skilgreiningu Gamson, en taldi traust samt vera tegund af almennum pólítískum stuðningi, frekar en sértækum (Easton, 1975, pp. 447–450). Þannig gerði Easton greinarmun á ánægju borgara með tiltekna leiðtoga annars vegar, og trausti þeirra til stofnana samfélagsins hins vegar, og taldi það síðarnefnda mótast fyrst og fremst á yngri árum en sömuleiðis laga sig smám saman að reynslu fólks af stjórnvöldum á fullorðinsárum. Þessi örlítið snúna aðgreining Easton's á almennum og sértækum stuðningi var straumlínulöguð nokkuð í seinni tíð af Pippu Norris (Norris, 1999, 2011, 2017). Hún tók þrjú stig eða viðföng (e. objects) trausts sem Easton hafði tilgreint til viðbótar við almennu og sértæku aðgreininguna – samfélagið (e. political community), stjórnkerfið (e. regime) og yfirvöld (e. authorities) – og felldi þessar tvær aðgreiningar saman. Hún skipti miðstigi Easton's (stjórnkerfinu) í þrennt: gildi (e. values), félagsleg viðmið (e. norms) og stofnanir (e. institutions) stjórnkerfisins. Í hennar ramma ná stigin sem slík frá sértækari (yfirvöld) til almennari (samfélagið) tegundar stuðnings og pólítískt traust vísar þar til stuðnings fólks við stofnanir stjórnkerfisins. Russell Dalton (Dalton, 2004, 2017) notast við sömu fimm stig í sínum hugtakaramma en gerir áfram greinarmun á tilfinningalegum (e. affective) og matskenndum (e. evaluative) stuðningi, sem hann segir sambærilegan greinarmun Easton's á almennum og sértækum stuðningi.

Samkvæmt bæði Dalton (Dalton, 2004) og Norris (2017) þá vísar pólítískt traust til viðhorfa borgara til yfirvalda og stofnana á tveimur „lægstu“ stigunum: til einstakra yfirvalda og stjórnmálaleiðtoga sem og til stjórnmálafólks almennt, stjórnmálaflokka og stofnana stjórnkerfisins. Þessi umræða leiðir okkur að þeim skilningi á hugtakinu pólítískt traust að það sé sú sannfæring borgaranna að stjórnmálafólk, stjórnmálaflokkar og stofnanir stjórnvalda, sérstaklega þær sem eru skipaðar pólítískum fulltrúum (sjá t.d.

Hooghe 2011, 271), muni leiða af sér æskilegar niðurstöður. Innan heimspekinnar og stjórnsýslufræðanna er stundum gengið út frá því að traust þurfi líka að fela í sér að vera tilbúinn/n/ð til að taka áhættu og berskjalda sig gagnvart viðfangi traustsins (Kim 2005; PytlikZillig & Kimbrough 2016; Hamm, Smidt, og Mayer 2019). Við gerum það ekki að skilgreiningaratriði hér, heldur látum nægja að halda því til haga að mikið traust getur *leitt til þess* að fólk sé viljugt til þess að taka áhættu eða berskjalda sig.

Þessi sannfæring, um að stjórnvöldum eða stjórnmalafólki sé treystandi til að leiða af sér æskilegar niðurstöður, hefur aftur verið talin fela fyrst og fremst í sér tvenns konar ólíkt mat: mat fólks á annars vegar *hæfni* (e. competence) og hins vegar *heilindum* (e. integrity) viðfangsins (Brown o.fl. 1998; Garzia 2011; Miller o.fl. 1986). Í því samhengi vísar *hæfni* í getu viðkomandi til að sinna verkefnum sínum, ná árangri og hafa áhrif til breytinga og tengist þáttum svo sem greind, reynslu og hæfileikum viðkomandi, á meðan *heilindi* snúast um það að segja satt og fara eftir reglum og almennu siðferði í störfum sínum (Bittner, 2011; Garzia, 2011; Green & Jennings, 2017b; Miller o.fl., 1986; Murtin o.fl., 2018; Pancer o.fl., 1999; Viktor Valgarðsson o.fl., 2021). Bæði gamalgrónar og áhrifamiklar kenningar (Almond & Verba 1963; Easton 1975) og nýlegar rannsóknir (Devine & Viktor Valgarðsson 2023; Kiley & Vaisey 2020) benda til þess að þetta mat fólks á stjórnvöldum og stjórnmalafólki mótist fyrst og fremst á yngri árum, en bregðist líka við nýjum atburðum og upplýsingum á fullorðinsárunum. Það mat (eða tilfinning) fólks mótast svo líklega eins og önnur viðhorf af ýmsum öðrum félagsmótandi þáttum, sjálfsmynd fólks og stöðu í samfélaginu, en í raun hafa merkilega fáir lýðfræðilegir þættir sýnt stöðug tengsl við pólitískt traust fólks (Citrin & Stoker 2018; Sjöfn Vilhelmsdóttir 2020). Þó benda alþjóðlegar rannsóknir til þess að ein stöðugasta spábreyta trausts sé það hvort einstaklingur styður flokk í ríkisstjórn (Hetherington & Rudolph, 2018; Lelkes, 2016); það mynstur var skýrt á Íslandi fram að fjármálahruninu 2008, en óstöðugra eftir það (Sjöfn Vilhelmsdóttir 2020; Sjöfn Vilhelmsdóttir & Gunnar Helgi Kristinsson 2018).

Á undanförunum áratugum hefur verið lögð áhersla á að *velvild* (e. benevolence) viðfangsins skipti líka miklu máli, þ.e. að viðkomandi virðist raunverulega umhugað um þig og vilja þér vel (Mayer, Davis & Schoorman 1995; Grimmelikhuijsen & Knies 2017; Laustsen & Bor 2017). Aftur á móti má deila um hversu aðskilið það hugtak er í raun hugtakinu um *heilindi* viðkomandi, þ.e. að viðkomandi sé að segja satt um að vilja þér vel. Sömuleiðis hafa nýlegar rannsóknir bent til þess að fleiri þættir í fari stjórnmalafólks hafi áhrif á traust borgara: t.d. það hversu „ekta“ og ólíkt hefðbundnu stjórnmalafólki (e. authentic) það virðist vera, sem kjósendur gætu notað sem vísbendingu (e. cue) um hæfni þeirra eða heilindi (Stiers o.fl. 2019; Viktor Valgarðsson o.fl. 2021). Vert er að hafa í huga að sumir þessara þátta eiga frekar við um traust til fólks heldur en til stofnana. Vart er hægt að nota hugtakið „ekta“ um stofnun, en fólk getur hins vegar treyst stofnun misvel til að tryggja góða frammistöðu, árangur og heiðarleg vinnubrögð (sjá t.d. Levi 1998). Í því samhengi benda alþjóðlegar rannsóknir til þess að traust einstaklinga til stofnana stjórnvalda tengist því sterklega hvort þeir upplifa að ferlar þeirra séu sanngjarnir, áreiðanlegir og fyrirsjáanlegir (Grimes 2006; Tyler 2006) og doktorsrannsókn Sjafnar Vilhelmsdóttur (2020) bendir til þess að þau ár sem það hefur verið mælt (2004

og 2012) hafi sú upplifun verið einn sterkasti forspárþátturinn fyrir pólítískt traust á Íslandi.


Með öðrum orðum má segja að traust almennings til stjórnmalafólks og stjórnvalda getur ýmist endurspeglad mat fólks á *hæfni* þeirra eða *heilindi* og *vehild*: er viðkomandi annars vegar *fær um* og hins vegar raunverulega *viljug/ur/t til* að gera það sem ég vil, t.d. þjóna mínum hagsmunum (eða almannahagsmunum í víðari skilningi)? Fyrri rannsóknir hafa sýnt að mat fólks á þessum tveimur meginþáttum getur verið verulega ólíkt og sumir kjósendur leggja meiri áherslu á væntingar um *heilindi* á meðan aðrir leggja meiri áherslu á *hæfni*. Til dæmis virtust kjósendur Ólafs Ragnars Grímssonar í forsetakosningunum árið 2016 leggja mjög litla áherslu á heiðarleika en mjög mikla á „þekkingu og reynslu“, á meðan því var alveg öfugt farið með kjósendur Þóru Arnórsdóttur (Gunnar H. Kristinsson o.fl. 2012). Á alþjóðlegum vettvangi er þekkt að sumir flokkar hafa betra orðspor fyrir hæfni á tilteknum sviðum en öðrum og reyna að nýta sér það í kosningabaráttu og ýta undir vægi (e. salience) þeirra sviða í umræðunni sem henta þeim (Green 2007; Green & Jennings 2017), og ekki er ólíklegt að ólíkt orðspor flokka og stjórnmalaleiðtoga um heilindi lúti sömu reglum. Sömuleiðis benda nýlegar rannsóknir til þess að pólítískt traust, a.m.k. í Bandaríkjunum, sé jafnan hærra þegar utanríkismál eru ofarlega á baugi heldur en þegar innanríkismál eru það, svo að traust geti verið hærra eða lægra eftir því hvaða þættir eru almenningi mikilvægastir og hvaða væntingar eru gerðar til stjórnmalafólks og stjórnvalda hverju sinni (Hetherington & Husser 2012; Citrin & Stoker 2018). Samfélagslegt samhengi getur þannig mótað það hvaða þættir hafa mest áhrif á pólítískt traust.

Út frá þessu sjónarhorni gætum við mögulega útskýrt hvernig pólítískt traust hefur þróast á Íslandi frá hruni. Eins og áður sagði hrundi traust með hruninu (Tómas Bjarnason 2012; Gallup 2023), náði sér orlútið á strik næstu ár en var þó enn mun minna árið 2017 en það hafði verið fyrir hrun, þrátt fyrir að efnahagur landsins hafi í raun náð sér algjörlega á þeim tímavarki (Gallup 2023; Guðrún Johnsen & Sigurbjörg Sigurgeirsdóttir 2018a; Gylfi Zoega 2018). Sjöfn Vilhelmsdóttir og Gunnar Helgi Kristinsson (2018) komast að því að flokkshollusta kjósenda og áhrif hennar á traust hafi breyst með hruninu og að það hafi haft ólík áhrif á ólíka aldurshópa, sem gæti skýrt þessa þróun. Önnur möguleg skýring er að mat almennings á *hæfni* íslensks stjórnmalafólks hafi náð sér eftir hrun, en að matið á *heilindum* þeirra hafi ekki náð sér: hrundið og skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis um orsakir og aðdraganda þess afhjúpaði ekki aðeins vanhæfni heldur sömuleiðis fjölda spillingarmála, óheilindi og vafasöm hagsmunatengsl í íslenskum stjórnmalum og stjórnslu (Páll Hreinsson, Sigríður Benediktisdóttir & Tryggvi Gunnarsson 2010). Þá fór hlutfall svarenda í Íslensku kosningarannsókninni sem töldu spillingu á meðal stjórnmalamanna á Íslandi vera frekar eða mjög útbreidda úr 30% árið 2003 í 70% árið 2009, á sama tímabili og traust þeirra og ánægja með lýðræðið hrapaði (Gissur Ó. Erlingsson o.fl. 2016). Þrátt fyrir efnahagsbata héldu mál sem tengdust (meintum) óheiðarleika í stjórnmalum áfram að koma upp í íslenskum fjölmiðlum og umræðu löngu eftir hrun: uppljóstrun Panama-skjalanna, lekamálið, landsréttarmálið og fleiri umdeild mál gætu hæglega hafa komið í veg fyrir að almenningur upplifði að

mikið hefði batnað eftir hrun þegar kemur að heiðarleika í íslenskum stjórnmálum (sjá t.d. Sigurbjörg Sigurgeirsdóttir & Guðrún Johnsen 2018b). Við getum ekki prófað þessa tilgátu með beinum hætti hér, en við getum prófað aðra tilgátu sem leiðir röklega af henni, svo megintilgátan okkar verður:

H1: Íslendingar sem leggja meiri áherslu á heilindi stjórnmálafólks bera minna traust til alþingismanna heldur en þeir sem leggja meiri áherslu á hæfni þeirra.

Hins vegar hafa nýlegar kannanir bent til þess að á allra síðustu árum hafi pólitískt traust á Íslandi aukist verulega: Mynd 1 sýnir þróun trausts til Alþingis í Þjóðarpúlsi Gallup árin 2001 til 2023. Þar sést að traust til Alþingis mældist til dæmis 34% árið 2021 og 36% árið 2022 og hafði mælst svipað eða jafnvel lægra sum árin fyrir á þessari öld, þó



Mynd 1. Hlutfall svarenda í Þjóðarpúlsi Gallup sem sagðist bera „frekar mikið“ eða „mjög mikið“ traust til Alþingis, frá 2001-2023. Árin 2008 og 2020 eru merkt inn á línuritið með lóðrétti brotalínu til að marka upphaf fjármálahrunsins á Íslandi og upphaf COVID-19 heimsfaraldursins. Heimild: Þjóðarpúlur Gallup (2023).

Það hafi líka mælst yfir 40% árin 2008, 2006, 2004 og 2003 (Gallup 2023; Eva H. Önnudóttir o.fl. 2021). Það er því óljóst hvort pólítískt traust hafi enn alveg náð fyrri hæðum á Íslandi, sérstaklega vegna þess að þessi tvö ár voru mjög sérstök vegna heimsfaraldurs COVID-19 sem reið yfir samfélagið á þeim tíma. Rannsóknir benda sterklega til þess að pólítískt traust hafi hækkað verulega á þeim tíma víða um heim (Devine o.fl. 2021), eins og það hefur tilhneigingu til að gera þegar borgarar flykkja sér saman bak við stjórnvöld á erfiðum tímum (e. „rally around the flag effect“) (Schraff 2021; Hegewald & Schraff 2022). Raunar lækkaði traust til Alþingis aftur í 25% í Þjóðarpúlsi Gallup í febrúar 2023, svipað og það hafði mælst árið 2020 (23%); þó auðvitað geti það verið háð eðlilegum sveiflum í trausti þá gefur það okkur tilefni til að efast um að traust fyrirhruns-áranna sé aftur komið til að vera. Aftur gætu ólíkar væntingar gagnast okkur við að skýra þetta: búast má við því að á fordæmalausum tímum heimsfaraldurs og sóttvarnartakmarkana skipti *hafni* stjórnmalafólks almenning meira máli en á öðrum tímum; við slíkar aðstæður er eðlilegt að leggja mesta áherslu á að stjórnvöld geti verndað samfélagið og líf og heilsu borgaranna fyrir faraldrinum, og þá hlutfallslega minni áherslu á væntingar um *heilindi*. Við setjum ekki fram formlega tilgátu þess efnis, en við gerum ráð fyrir því að Íslendingar hafi lagt meiri áherslu á eiginleika sem tengjast *hafni* stjórnmalafólks á meðan COVID-19 heimsfaraldurinn stóð sem hæst heldur en árið 2023, eftir að sóttvarnaraðgerðum var aflétt.

2. Rannsóknargögn og aðferðir

Í febrúar ár hvert frá árinu 2018 til og með 2023 lagði Maskína spurningakönnun fyrir almenning þar sem spurt var um traust til alþingismanna og ýmsar væntingar svarenda í þeirra garð og munum við hér aðallega notast við niðurstöður úr könnunum þeirra frá og með árinu 2020. Kannanirnar voru lagðar fyrir handahófsúrtak úr svarendahópi Maskínu í gegnum netið. Í lýsandi tölfræði í þessari rannsókn notum við úrtaksvigt, þar sem svarendur eru vigtaðir með tilliti til kyns, aldurs og búsetu til að endurspeglá sem best þýði þjóðarinnar, í samræmi við upplýsingar frá Hagstofu Íslands. Tafla 1 sýnir upplýsingar um dagsetningar og úrtak hverrar könnunar fyrir sig.

Tafla 1. Skoðanakannanir Maskínu 2018-2023

Könnun	Dagsetningar framkvæmdar	Fjöldi svarenda
2018	15/02/2018 – 20/02/2018	858
2019	08/02/2019 – 19/02/2019	1.142
2020	14/02/2020 – 21/02/2020	860
2021	15/02/2021 – 21/03/2021	1.629
2022	07/02/2022 – 14/02/2022	910
2023	16/02/2023 – 21/02/2023	1.091

Í öllum þessum könnunum voru svarendur spurðir: „Berð þú mikið eða lítið traust til Alþingismanna?“ og valmöguleikarnir voru „Mjög mikið“, „Frekar mikið“, „Í meðallagi“, „Fremur lítið“ og „Mjög lítið“.² Frá og með könnuninni árið 2020 var sömuleiðis spurt „Hvað af eftirtöldu finnst þér mikilvægt að stjórnmalamenn tileinki sér til að vera traustvekjandi?“ og svarendur beðnir um að forgangsraða þremur af eftirtöldum eiginleikum:

- a) Taki hagsmuni þjóðarinnar fram yfir eigin hagsmuni eða hagsmuni vina og ættingja,
- b) Segi satt frá – hafi sannleikann að leiðarljósi,
- c) Séu hæfir til að takast á við verkefni kjörinna fulltrúa,
- d) Fylgi eftir stefnumálum sínum með aðgerðum,
- e) Beiti sér með sýnilegum hætti fyrir almannahagsmunum,
- f) Beiti sér fyrir hagsmunum Íslands á alþjóðavettvangi,
- g) Séu tilbúnir að búa við sömu kjör og almenningur.

Árið 2023 var sama spurning lögð fyrir nema að því leyti að orðinu „stjórnmalamenn“ var breytt í „stjórnmalafólk“, til samræmis við þróun undanfarinna ára í átt að kynhlutlausari málvenju, og kyni orða í valmöguleikum breytt til samræmis.³ Það ár bættum við sömuleiðis við tveimur valmöguleikum, til að reyna að mæla hugmyndir nýlegri rannsóknna um mikilvægi þess að stjórnmalafólk virðist vera „ekta“ og ólíkt hefðbundnu stjórnmalafólki (e. authentic) (Viktor Valgarðsson o.fl. 2021; Stiers o.fl. 2019) annars vegar og velviljað (e. benevolent) (Mayer, Davis & Schoorman 1995b; Grimmelikhuijsen & Knies 2017) hins vegar:


- h) Virki eins og venjulegt fólk frekar en týpískir pólitíkusar,
- i) Virðist vera umhugað um fólk eins og þig.

Sumir þessara eiginleika passa vel við aðgreiningu okkur á hæfni eða heilindum, aðrir eru einhvers staðar á milli eða vísa í aðra þætti sem áhugavert er að bera saman við. Eiginleikar a) og b) vísa í væntingar um heilindi eins og hugtakið var skilgreint hér að ofan: að hygla ekki eiginhagsmunum umfram almannahag og að segja satt frá. Líður c) vísar aftur á móti berum orðum í hæfni þeirra til að takast á við verkefni kjörinna fulltrúa. Líður d) vísar einnig fyrst og fremst í hæfni, þ.e. getuna til að hafa áhrif á útkomur, þó það að fylgja eftir stefnumálum geti einnig vísað að hluta í heilindi; að ganga ekki á bak orða sinna. Á svipaðan hátt mætti túlka líð e) á báða vegu: að beita sér með sýnilegum hætti virðist vísa í aðgerðir og þar með hæfni, en tilvísunin í almannahagsmuni getur líka skapað svipuð hugrenningartengsl og líður a); að hygla ekki einkahagsmunum. Líður f) vísar einnig í að beita sér fyrir hagsmunum og þar er ekki vísað til almannahagsmuna heldur til hagsmuna Íslands á alþjóðavettvangi, sem virðist frekar vísa í hæfni til að hafa áhrif. Líður g), h) og i) vísa síðan frekar í ofangreindar væntingar um velviljað og venjulegt stjórnmalafólk.

Í þessari rannsókn munum við byrja á að skoða lýsandi tölfræði yfir pólítískt traust (til alþingismanna) og væntingar til stjórnmalafólks og þróun þessa tveggja yfir tíma undanfarin ár (frá febrúar 2018 annars vegar og 2020 hins vegar til 2023). Síðan notum við fjölbreytu-aðhvarfsgreiningu til að skoða hvaða bakgrunnsbreytur spá fyrir um hvort um sig, áður en við prófum megintilgátuna okkar með því að kanna hvort og þá hvernig pólítískt traust tengist þessum ólíku væntingum til stjórnmalafólks.⁴ Bakgrunnsbreyturnar sem við skoðum eru kyn svarenda, aldur, menntun, tekjur, búseta og hvaða flokk svarendur myndu kjósa.


3. Niðurstöður

Við byrjum á því að skoða hvernig traust svarenda til alþingismanna þróaðist árin 2018-2023. Mynd 2 sýnir hlutfall svarenda sem sögðust bera „fremur mikið“ eða „mjög mikið“ traust til alþingismanna í hverri könnun fyrir sig, og Mynd 3 gefur ítarlegri upp-



Mynd 2. Traust til alþingismanna á Íslandi, 2018-2023. Hlutfall svarenda í könnunum Maskínu sem sögðust bera „frekar mikið“ eða „mjög mikið“ traust til alþingismanna.


lýsingar með því að sýna það hlutfall svarenda sem völdu hvert svar fyrir sig hvert ár. Almennt virðist traust til alþingismanna í þessum mælingum ögn lægra en traust til Alþingis í mælingum Gallup, en þróunin segir í raun nákvæmlega sömu sögu: traust nærri tvöfaldast í COVID-19 faraldrinum, árin 2021 og 2022,⁵ en hrynur aftur niður á sama stig og áður árið 2023. Mynd 3 sýnir að talsvert hærra hlutfall svarenda valdi kostina „í meðallagi“ og „fremur mikið“ traust í faraldrinum, þó þau sem bera „mjög mikið“ traust til alþingismanna hafi áfram verið í hverfandi minnihluta



Mynd 3. Traust til alþingismanna á Íslandi, 2018-2023: dreifing. Hlutfall svarenda í könnunum Maskínu 2018-2023 sem völdu hvert svar fyrir sig, aðspurðir um traust sitt til alþingismanna.

Mynd 4 sýnir hlutfall svarenda á hverju ári frá 2020-2023 sem valdi hvern eiginleika fyrir sig sem einn af þremur eiginleikum sem þeir teldu mikilvægast að stjórnmalafólk tileinkaði sér til að vera traustvekjandi. Hér sjáum við verulega breytingu: öll árin 2020, 2021 og 2022 taldi mikill meirihluti (á bilinu 60% til 79%) svarenda mikilvægt að stjórnmalamenn⁶ væru „hæfir til að takast á við verkefni kjörinna fulltrúa“ og „beiti sér með sýnilegum hætti fyrir almannahagsmunum“, en árið 2023 valdi aðeins um þriðjungur þessa eiginleika.

Það ár taldi mikill meirihluti (71%) svarenda mikilvægt að stjórnmalafólk tæki „hagsmuni þjóðarinnar fram yfir eigin hagsmuni eða hagsmuni vana og ættingja“ og að það „beiti sér með sýnilegum hætti fyrir almannahagsmunum“ (58%), en árin 2020-2022 höfðu aðeins í kringum 37% (annars vegar) og 20% (hins vegar) svarenda valið þessa tvo kosti.




Mynd 4. Hlutfall svarenda sem valdi hvern eiginleika stjórnmalafólks fyrir sig í forgang (í eitt af þremur efstu sætum sem hægt var að raða) í könnunum Maskínu, 2020-2023. Rauða brotalínan afmarkar 50% svarenda.

Í stuttu máli virðist sem svo að svarendur hafi lagt mun meiri áherslu á eiginleika sem tengjast *hæfni* árin 2020-2022 en mun meiri áherslu á *heilindi* árið 2023. Athyglisvert er að væntingar svarenda eru nánast eins árið 2020 og árin 2021 og 2022: þetta gæti verið vegna þess að Íslendingar vissu af hættu heimsfaraldursins (þó hann hafi ekki verið farinn að hafa eins mikil áhrif á traust þeirra til stjórnvalda) og töldu þá þegar mjög mikilvægt að stjórnmalafólk væri reiðubúið til að takast á við hann. Önnur túlkun er sú að árið 2023 gæti verið undantekningin frá reglunni, frekar en hin árin: í mars árið 2022 var hlutur ríkisins í Íslandsbanka seldur og var sú sala mjög umdeild og afar mikið til umfjöllunar í fjölmiðlum næstu mánuði. Í því máli var Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra meðal annars gagnrýndur fyrir að faðir hans var einn kaupenda bankans í söluferli sem ráðherrann bar ábyrgð á. Með öðrum orðum, í umræðunni var hann sakaður um að hafa tekið hagsmuni sína og ættingja sinna fram yfir hagsmuni þjóðarinnar (Brynjólfur Þór Guðmundsson 2022). Þó nærri ár hafi verið liðið frá sölu á febrúar 2023 er líklegt að það hafi haft áhrif á forgangsröðun svarenda í þágu heilinda, rétt eins og líklegt er að heimsfaraldurinn hafi haft áhrif á forgangsröðun í þágu hæfni.

Sömuleiðis er vert að geta þess að stærstur hluti svarenda lagði árin 2020-2022 áherslu á að stjórn mála fólki beitti sér með sýnilegum hætti fyrir almannahagsmunum og sá eiginleiki getur bæði vísað í hæfni (að beita sér með sýnilegum hætti) og heilinda (fyrir almannahagsmunum frekar en einkahagsmunum). Ekki er því ólíklegt að kjósendur leggi almennt mikla áherslu á þann eiginleika óháð heimsfaraldri, en þó hafði það líka sérstaka þýðingu í heimsfaraldrinum þegar einkahagsmunum atvinnurekenda (til dæmis ferðaþjónustunnar) var stundum stillt upp gegn almannahagsmunum í umræðu um sóttvarnaaðgerðir (sjá t.d. Markús Þ. Þórhallsson 2020). Mynd V1 í viðauka sýnir hlutföll svarenda sem völdu hvern eiginleika í *fyrsta sæti* ár hvert og mynstrin þar milli ára eru hin sömu, þó eðli málsins samkvæmt sé lægra hlutfall svarenda á bak við hvern eiginleika þar, svo í aðhvarfsgreiningunni hér á eftir notum við tvígilda breytu sem segir til um hvort svarandi valdi viðkomandi eiginleika í eitt af efstu þremur sætum (þar sem niðurstöðurnar eru sambærilegar en sú breyta gefur okkur fleiri tilvik á hverri breytu).

Næst snúum við okkur að fjölbreytu-aðhvarfsgreiningum. Niðurstöður fyrir allar aðhvarfsgreiningarnar má sjá í töflum í viðauka, þar sem líka eru birtar niðurstöður úr tvígilda (e. logistic) aðhvarfsgreiningu sem eru efnislega þær sömu og hér er lýst. Mynd 5 sýnir niðurstöður línulegra aðhvarfsgreininga⁷ þar sem fylgibreyturnar eru breytur sem segja til um hvort svarandi valdi tiltekinn eiginleika sem mikilvægan eða ekki. Myndin



Mynd 5. Forspárbreytur fyrir forgangsroðun svarenda í könnunum Maskínu á eiginleikum stjórn mála fólks, 2020-2023. Hallastuðlarit (e. coefficient plot) fyrir niðurstöður úr níu línulegum aðhvarfsgreiningarlíkönum. Einnig er stýrt fyrir ár sem könnun var framkvæmd, en sú breyta er ekki sýnd í grafinu.


sýnir því niðurstöður níu aðskilinna aðhvarfsgreininga: ein fyrir hvern eiginleika fyrir sig. Frumbreyturnar eru allar settar inn í sama líkan (svo að stýrt er fyrir áhrif hverrar fyrir sig á sama tíma) og þær eru kyn svarenda (þar sem konur fá gildið 1), aldur (í fimm aldurshópum, þar sem yngsti hópurinn er viðmiðunarhópur), menntun (í þremur hópum, þar sem grunnskólamenntun er viðmiðunarhópur), búseta (tvígilda breyta þar sem svarendur sem búa utan Reykjavíkur og höfuðborgarsvæðisins fá gildið 1), tekjur (jafnbilabreyta fyrir sex tekjuhópa, endurkóðuð á kvarða frá 0-1 til að stærð hallastuðla sé sambærileg við aðrar breytur) og flokkur sem svarandi myndi kjósa (þar sem Sjálfstæðisflokkurinn er viðmiðunarhópurinn). Þar sem síðustu tveir eiginleikarnir voru aðeins gefnir sem valkostir árið 2023 og fremur lágt hlutfall svarenda valdi þá eru mun færri tilviki að baki þeirra aðhvarfsgreininga og þar sleppum við flokksvalsbreytunni, vegna þess að verulega fáir svarendur (í flestum tilvikum færri en 10) eru á bak við hvert gildi þar svo að öryggisbilin urðu mjög víð og niðurstöðurnar óáreiðanlegar. Loks stýrum við fyrir ár könnunar í öllum líkönum, en sleppum þeim hallastuðlum úr myndunum til að auka læsileika.

Í mynd 5 tákna punktarnir hallastuðlana fyrir stærð tengsla hverrar breytu fyrir sig (á x-ásnum) við hverja fylgibreytu og línurnar út frá þeim tákna öryggisbilin fyrir 95% tölfræðilega marktækni þess hallastuðuls. Punktur hægra megin við brotalínuna tákna jákvæð tengsl og punktar vinstra megin tákna neikvæð tengsl, en fari öryggisbilin yfir brotalínuna tákna það að ekki sé hægt að segja með 95% vissu að marktæk tengsl séu á milli breytnanna í þýðinu.

Niðurstöðurnar sýna að stærstu tengslin eru á milli væntinga og flokksvals. Kjósendur allra stjórnarandstöðuflokkanna á Alþingi (auk Sósíalístaflokksins) að Miðflokknum undanskildum leggja almennt marktækt meiri áherslu en kjósendur Sjálfstæðisflokksins á að stjórnmálafólk segi satt frá, taki hagsmuni þjóðarinnar fram yfir eigin hagsmuni og beiti sér fyrir almannahagsmunum. Aftur á móti má greina minni áherslu stuðningsfólks stjórnarandstöðuflokkanna á að stjórnmálafólk beiti sér fyrir hagsmunum Íslands á alþjóðavettvangi og fylgi eftir stefnumálum sínum með sýnilegum hætti. Fáein marktæk tengsl eru við aðrar bakgrunnsbreytur, en erfiðara er að túlka þær kerfisbundið. Eldri svarendur virðast leggja meiri áherslu en þeir yngri á að stjórnmálafólk taki hagsmuni þjóðarinnar fram yfir eigin hagsmuni og beiti sér fyrir almannahagsmunum, en minni áherslu á að það fylgi eftir stefnumálum með sýnilegum hætti.⁸ Þó það sjáist ekki á myndinni þarf vart að taka fram að marktæk tengsl eru á milli árs könnunar og forgangs-röðunar svarenda, sem endurspeglar mynstrin í Mynd 4.


Mynd 6 sýnir niðurstöður úr sams konar línulegri aðhvarfsgreiningu þar sem fylgibreytan er traust til alþingismanna (þar sem „mjög lítið“ fær gildið 0 og „mjög mikið“ gildið 1 og aðrir möguleikar dreifast jafnt á milli þeirra, til að breytan sé á kvarða frá 0 til 1 eins og aðrar breytur). Hér sést að konur og yngsti aldurshópurinn bera almennt ögn meira traust til alþingismanna en karlar og eldri svarendur, og fólk sem býr utan höfuðborgarsvæðisins, er með háskólamenntun, og/eða er með hærri tekjur ber sömuleiðis meira traust til alþingismanna. Sterkustu tengslin koma þó aftur fram þegar kemur að flokksvali. Þar má sjá að kjósendur stjórnarandstöðuflokkanna bera allir talsvert minna

traust til alþingismanna heldur en kjósendur Sjálfstæðisflokksins; sérstaklega kjósendur Sósíalístaflokksins, Flokks Fólksins og Pírata. Það sama gildir raunar um kjósendur Vinstri grænna og Framsóknarflokksins, þó þau tengsl séu ekki jafn sterk. Í Mynd V2. Í viðauka sýnum við þessar niðurstöður eftir árum og þar eru mynstrin almennt mjög lík milli ára, þó einhver tengsl verði ekki tölfraðilega marktæk innan hvers árs fyrir sig.



Mynd 6. Forspárbreytur fyrir traust til alþingismanna í könnunum Maskínu 2020-2023. Einnig er stýrt fyrir ár sem könnun var framkvæmd, en sú breyta er ekki sýnd í grafinu.

Að lokum sýnum við niðurstöður úr aðhvarfsgreiningarlíkönnum sem prófa megintilgátuna okkar um tengsl á milli væntinga svarenda til stjórnmálafólks og trausts þeirra til alþingismanna. Í þessum tilgangi bætum við trausti (aftur sem kvarðabreytu á kvarðanum 0-1) við sem frumbreytu í aðhvarfsgreiningarnar sem Mynd 5 sýndi, en við gerum það hér í tveimur skrefum. Fyrst sýnum við niðurstöður þar sem flokksvals-breytan er ekki með sem frumbreyta, vegna þess að það er líklegt að traust Íslendinga og flokksval þeirra tengist með hætti sem við þekkjum ekki orsakasamhengið fyrir. Þannig gætu kjósendur til dæmis treyst alþingismönnum minna af því þeir samsama sig með stjórnarandstöðuflokki, en þeir gætu líka valið stjórnarandstöðuflokk vegna þess að þeir treysta alþingismönnum síður. Hvort um sig gæti sömuleiðis verið undir áhrifum þátta sem við náum ekki að stýra fyrir með þessum gögnum. Með því að stýra fyrir flokksval í upphafi þá er hætta á að við „ofstýrum“ (e. overcontrol) og felum tengslin sem við höfum í raun áhuga á. Þess vegna sýnir Mynd 7 niðurstöður þar sem sú breyta er ekki með, en Mynd




Mynd 7. Væntingar til stjórnmalafólks og traust til alþingismanna. Forspárbreytur fyrir forgangsráðun svarenda í könnunum Maskínu á eiginleikum stjórnmalafólks, 2020-2023. Einnig er stýrt fyrir ár sem könnun var framkvæmd, en sú breyta er ekki sýnd í grafinu.

8 sýnir niðurstöður þar sem henni er bætt við, til að bera saman mynstrin og sjá hversu sterk (e. robust) tengsl milli trausts og væntinga eru.

Mynd 7 bendir til þess að þau sem leggja meiri áherslu á að stjórnmalafólk segi satt frá treysti alþingismönnum mun síður (og öfugt), og þau sem leggja meiri áherslu á að stjórnmalafólk taki hagsmuni þjóðarinnar fram yfir eigin hagsmuni og beiti sér fyrir almannahagsmunum treysta alþingismönnum sömuleiðis síður. Hallastuðullinn fyrir fyrstnefndu áhrifin er -0.23 ($p < 0.001$), sem merkir að við myndum spá því að einstaklingur sem ber „mjög mikið“ traust til alþingismanna sé 23 prósentustigum ólíklegri heldur en einstaklingur sem ber „mjög lítið“ traust til þeirra til að forgangsraða því að stjórnmalafólk segi satt frá (Gomila, 2021). Á hinn bóginn bera þau sem leggja meiri áherslu á að stjórnmalafólk beiti sér fyrir hagsmunum Íslands á alþjóðavettvangi og fylgi eftir stefnumálum sínum með aðgerðum *meira* traust til alþingismanna. Fyrirnefndi hallastuðullinn er nærri jafnstór og fyrir að segja satt (0.22). Það virðast líka vera einhver tengsl milli trausts og þess að leggja áherslu á hæfni, en þau eru aðeins marktæk við 90% öryggisbil ($p = 0.07$).

Eins og fyrir segir þá sýnir Mynd 8 niðurstöður þar sem breytunni flokksval er bætt við, til að bera saman mynstrin og sjá hversu sterk (e. robust) tengsl milli trausts og væntinga eru. Þar sést að öll öryggisbil breikka og flestir hallastuðlar minnka við það að bæta



Mynd 8. Væntingar til stjórnmalafólks, traust til alþingismanna og flokksval svarenda í könnunum Maskínu, 2020-2023. Einnig er stýrt fyrir ár sem könnun var framkvæmd, en sú breyta er ekki sýnd í grafinu.

inn 8 tvígilda breytum fyrir flokksval, eins og búast mætti við, en í flestum ofangreindum tilvikum eru áhrif trausts til alþingismanna áfram tölfræðilega marktæk (við 95% öruggisbil). Það gildir þó ekki um að taka hagsmuni þjóðarinnar fram yfir eigin hagsmuni eða fyrir almenna hæfni, sem bendir til þess að þær væntingar hafi sterka tengingu við flokksval (án þess að hægt sé að segja til um orsakasamhengi). Eftir stendur að kjósendur sem hafa meiri væntingar um *heilindi* (að stjórnmalafólk segi satt frá) bera minna traust til alþingismanna, jafnvel þó stýrt sé fyrir flokkspólitískar skoðanir fólks, en þeir sem leggja meiri áherslu á *hæfni* stjórnmalafólks til að beita sér fyrir hagsmunum Íslands á alþjóðavettvangi, og til að fylgja eftir stefnumálum sínum með aðgerðum, bera meira traust til þeirra. Megintilgáta okkar (H1), um að kjósendur á Íslandi sem hafi meiri væntingar um *heilindi* stjórnmalafólks beri minna traust til alþingismanna, en kjósendur sem hafa meiri væntingar um *hæfni* beri meira traust, fær því sterkan stuðning í þessum niðurstöðum.

4. Umræða

Pólitískt traust virðist enn ekki hafa náð sér á strik á Íslandi í kjölfar fjármálahrunsins, þrátt fyrir að efnahagsleg áhrif þess hafi í raun verið að engu orðin árið 2017 (Gylfi Zoega 2018). Traustið jókst vissulega á meðan COVID-19 heimsfaraldurinn stóð sem hæst árin 2020-2022, eins og í flestum öðrum löndum (Devine o.fl. 2021; Schraff 2021), en

árið 2023 lækkaði það aftur. Þá sögðust 25% svarenda í Þjóðarpólusi Gallup bera „frekar mikið“ eða „mjög mikið“ traust til Alþingis, en það hlutfall var lægst 29% (og hæst 43%) fyrir hrun (Gallup 2023). Greining okkar á niðurstöðum kannana Maskínu árin 2018-2023 er í samræmi við þetta. Árið 2018 sögðust um 10% svarenda bera „frekar mikið“ eða „mjög mikið“ traust til alþingismanna, árin 2021 og 2022 var þetta hlutfall komið upp í 19% en árið 2023 var það aftur komið niður í 10%. Þetta gæti auðvitað endurspeglad tímabundnar sveiflur, t.d. vegna umdeildrar sölu ríkisins á hlut sínum í Íslandsbanka, en hún stóð hæst í umræðunni nærri ári áður en könnun Maskínu var lögð fyrir í febrúar 2023. Saman benda þessar tölur til þess að a.m.k. sé ekki hægt að halda því fram að pólítískt traust sé komið aftur á það stig sem það var á Íslandi fyrir hrun, eða til jafns við stöðu þess á hinum Norðurlöndunum (sjá t.d. Torcal 2017; Sjöfn Vilhelmsdóttir & Gunnar Helgi Kristinsson 2018).

Hvernig má skýra það að pólítískt traust hafi ekki náð sér eftir hrun eins og efnahagurinn? Í þessari rannsókn settum við fram þá tilgátu að álit íslensks almenning á stjórnvöldum og stjórnmalafólki hafi ekki bara skadast í fjármalahruninu þegar kemur að mati almennings á *hafni* (e. competence) þeirra við stjórn efnahagsmála, heldur sömu leiðis þegar kemur að mati almennings á *heilindum* (e. integrity) stjórnmalafólks. Hrunið hafði ekki bara efnahagsleg áhrif á almenning, heldur afhjúpaði líka ýmiss konar óheilindi í íslenskum stjórnmalum, vafasama stjórnsýslu, frændhygli og hagsmunaaðrekstra sem skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis um aðdraganda og orsakir falls íslensku bankanna upplýsti ítarlega um (Páll Hreinsson, Sigríður Benediktsdóttir & Tryggvi Gunnarsson 2010). Rannsóknir í stjórnmalafraedi hafa undanfarna áratugi varpað ljósi á það að fólk horfi ekki bara til *hafni* stjórnmalafólks þegar það mótar traust eða vantraust sitt til þeirra, heldur líka til *heilinda* þeirra og tengdra þátta. Pólítískt traust hefur verið talið endurspeglar sannfæringu fólks um hvort viðfang traustsins, í þessu tilviki stjórnvöld eða stjórnmalafólk, muni leiða af sér æskilega niðurstöðu eða ekki, jafnvel án eftirlits (Easton, 1975; Gamson, 1968). Í því samhengi horfir fólk ekki bara til þess hvort viðfangsefni traustsins hafi getuna til að láta gott af sér leiða, heldur líka hvort það ætli sér raunverulega að láta gott af sér leiða og muni fylgja reglum, segja satt og efna loforð sín í störfum sínum (Bittner, 2011; Garzia, 2011; Green & Jennings 2017b; Miller o.fl. 1986; Murtin o.fl. 2018; Pancer o.fl. 1999; Viktor Valgarðsson o.fl. 2021).

Ýmis umdeild mál tengd vafasömum fjármalagjörningum, hagsmunatengslum og stjórnsýslu stjórnmalafólks hafa haldið áfram að koma upp í íslenskri þjóðmálaumræðu löngu eftir hrun. Þar má sem dæmi nefna uppljóstrun Panama-skjalanna um aflandsfélög tveggja ráðherra og annars stjórnmalafólks (Heimildin 2016); lögbann sýslumanns Höfuðborgarsvæðisins, skömmu fyrir þingkosningar, á fjölmiðlaumfjöllun um viðskipti fjármálaráðherra og fjölskyldu hans (Heimildin 2018b); ákvörðun fjármálaráðherra um að birta ekki skýrslu um umfang aflandseigna Íslendinga fyrir en eftir þingkosningar (Heimildin 2018c); „lekamálið“, þar sem aðstoðarmaður dómsmálaráðherra lak trúnaðarupplýsingum um hælisleitanda (Bjarki Ármannsson 2014) og ráðherra hafði afskipti af rannsókn lögreglu á því (Ægir Þór Eysteinnsson 2015); „landsréttarmálið“, þar sem dómsmálaráðherra skipaði dómara ólöglega í landsrétt þvert á tillögur hæfnisnefndar

(Milla Ósk Magnúsdóttir 2019); „uppreist æru“ málið þar sem í ljós kom að faðir fjármálaráðherra hafði veitt meðmæli fyrir uppreist æru dæmde barnaniðings og dómsmálaráðuneytið neitað að veita þær upplýsingar fyrst um sinn (Heimildin 2018a); og sala ríkisins á hlut í Íslandsbanka þar sem faðir fjármálaráðherra var meðal kaupenda (Brynjólfur Þór Guðmundsson 2022). Í ljósi þessara mála kann vel að vera að ímynd íslensks stjórnmálafólks um heilindi hafi ekki beðið bætur eftir hrun á sama hátt og ímynd þeirra um hæfni við stjórn efnahagsmála, heldur hafi það þvert á móti stráð salti á sárin eftir fjármálahrunið, eins og þær Sigurbjörg Sigurgeirsdóttir og Guðrún Johnsen (2018b) komust að orði í rannsóknum sínum á endurreist trausts eftir hrunið.

Við getum ekki prófað þá tilgátu með beinum hætti með þeim gögnum sem við höfum. Til þess þyrfti að nálgast eitthvað á borð við reglulegar mælingar á mati almennings á *hæfni* og *heilindum* íslensks stjórnmálafólks frá því fyrir hrun, en í þessari rannsókn höfum við prófað hana með tvenns konar óbeinum hætti. Í fyrsta lagi bárum við með kerfisbundnum hætti saman pólitískt traust milli Íslendinga sem leggja meiri áherslu á mikilvægi eiginleika stjórnmálafólks sem tengjast *hæfni* og þeirra sem leggja meiri áherslu á eiginleika sem tengjast *heilindum*. Í öðru lagi bárum við saman hversu mikla áherslu íslenskur almenningur lagði heilt yfir á ólíka eiginleika á fjórum mismunandi (árlegum) tímapunktum frá 2020 til 2023 og hvernig það virtist fara saman við traust þeirra til alþingismanna.

Í stuttu máli bendir hvoru tveggja til þess að áhersla á *heilindi* fari saman við minna pólitískt traust, en áhersla á *hæfni* fari saman við meira traust. Þeir einstaklingar sem leggja meiri áherslu á að stjórnmálafólk „segi satt frá – hafi sannleikann að leiðarljósi“ og „beiti sér með sýnilegum hætti fyrir almannahagsmunum“ bera minna traust til alþingismanna, þegar stýrt er fyrir bæði flokksval þeirra og lýðfræðilega þætti, en þeir sem leggja meiri áherslu á að stjórnmálafólk „fylgi eftir stefnumálum sínum með aðgerðum“ og „beiti sér fyrir hagsmunum Íslands á alþjóðavettvangi“. Þegar ekki er stýrt fyrir flokksval (sem gæti bæði orsakað og orsakast af pólitísku trausti) eru þessi tengsl enn sterkari og þá bera þau sem leggja áherslu á að stjórnmálafólk „taki hagsmuni þjóðarinnar fram yfir eigin hagsmuni eða hagsmuni vina og ættingja“ sömuleiðis minna traust til alþingismanna. Suma þessara eiginleika er hægt að túlka sem svo að þeir vísi bæði til *hæfni* og *heilinda*, en að segja satt frá og þjóna almannahagsmunum frekar en eigin hagsmunum í störfum sínum eru klassísk skilgreiningaratriði hugtaksins *heilindi* (e. integrity) (Allen & Birch 2015; Garzia 2011; Murtin et al. 2018) og hafa augljósa skírskotun í ofangreind hneykslismál í íslenskri þjóðmálaumræðu undanfarin ár. Á svipaðan hátt sýna niðurstöður okkar að almenningur lagði árin 2020-2022 mesta áherslu á að stjórnmálafólk væri „hæft til að takast á við verkefni kjörinna fulltrúa“ og beitti sér fyrir almannahagsmunum (sem vísar bæði í hæfni og heilindi). Árið 2023, þegar sóttvarnaraðgerðum hafði verið aflétt og COVID-19 heimsfaraldurinn að mestu í baksýnispeglum umræðunnar, þrátt fyrir að veiran væri enn á kreiki, lagði almenningur hins vegar mun meiri áherslu á að stjórnmálafólk segði satt frá og tæki hagsmuni þjóðarinnar fram yfir eiginhagsmuni; þ.e. á *heilindi*. Það ár var traust þeirra til alþingismanna svo um helmingi lægra en árin 2021 og 2022.

5. Lokaorð

Eins og áður segir getum við ekki fullyrt um það hvort álit almennings á heilindum stjórnmalafólks hafi versnað síðan fjármálahrunið skall á, en niðurstöður okkar styðja þó þá tilgátu okkar að lítið pólitískt traust eftir hrun gæti skýrst af því að íslensk stjórnmal hafi ekki endurheimt orðspor sitt um *heilindi*, vegna þess að íslenskt stjórnmalafólk höfðar mun síður til trausts almennings þegar *heilindi* skipta mestu máli í huga þeirra. Gögnin okkar gera okkur ekki kleift að fullyrða um orsakasamhengi í þessum efnun, en þessi tengsl lifa þó af að stýrt sé fyrir lýðfræðilega þætti sem og það hvaða stjórnmalaflokk fólk myndi kjósa. Tengslin verða vissulega veikari sé stýrt fyrir flokksval svaraenda, eins og við mætti búast þar sem pólitískt traust hefur sterk tengsl við flokksval. Það mætti aftur á móti líka færa rök fyrir því að sú nálgun stýri fyrir of mikið: kjósendi sem ber lítið traust til stjórnmalafólks gæti ákveðið að kjósa stjórnarandstöðuflokk eða flokk utan þings, rétt eins og flokkshollusta gæti litað bæði traust viðkomandi og áherslu á eiginleika stjórnmalafólks. Frekari rannsóknir gætu byggt á þessum niðurstöðum og prófað tilgátu okkar með beinni hætti, til dæmis með því að biðja svarendur að leggja mat á hæfni og heilindi tiltekins stjórnmalafólks og bera saman við traust til þeirra, auk samanburðar milli svarenda. Sömuleiðis væri áhugavert að fylgjast með því hvernig þetta samband þróast til framtíðar; ef íslenskt stjórnmalafólk bætir t.d. ímynd sína þegar kemur að heilindum en skaðar hana jafnvel þegar kemur að hæfni, þá gæti sambandið hugsanlega snúist við og þau sem leggja meiri áherslu á hæfni farið að treysta stjórnmalafólki minna. Enn sem komið er er hins vegar ljóst að Íslendingar sem bera lítið traust til stjórnmalafólks vilja fyrst og fremst að það segi satt.

Aftanmálsgreinar

- 1 Könnunin 2021 var lögð fyrir í tveimur hlutum: frá 15. til 25. febrúar og frá 11. til 21. mars.
- 2 Árið 2018 var einnig boðið upp á svarmöguleikann „Alls ekkert“ og fellum við hann hér saman við „Mjög lítið“ valmöguleikann.
- 3 “Séu hæfir” varð “sé hæft” og „séu tilbúnir“ varð „sé tilbúið“.
- 4 Vegna þess að svarendur voru beðnir um að forgangsraða þremur eiginleikum (ekki taka afstöðu til þeirra allra) er dreifing svara þannig að ekki er hægt að sameina svipaða eiginleika í færri kvarðabreytur.
- 5 Heimsfaraldurinn var vissulega hafinn í febrúar árið 2020, en gögnunum okkar fyrir það ár var safnað áður en fyrsta tilfelli COVID-19 greindist hér á landi.
- 6 Eins og það var orðað þau ár.
- 7 Áður fyrr var venjan sú að nota tvígilda (e. logistic) aðhvarfsgreiningu þegar fylgibreytan er tvígild en nýlegar rannsóknir benda til þess að línuleg aðhvarfsgreining gefi áreiðanlegri niðurstöður sem er auðveldara að túlka (Gomila, 2021; Hellevik, 2009). Tvígilda aðhvarfsgreiningar gefa okkur efnislega sömu niðurstöður og hér er lýst.
- 8 Í þessu samhengi er vert að hafa til huga að ef svarandi er líklegri til að velja einn eiginleika er hann um leið, að öðru jöfnu, ólíklegri til að velja annan sambærilegan eiginleika, þar sem aðeins var hægt að velja þrjá.

Heimildir

- Allen, N., og Birch, S. (2015). *Ethics and integrity in British politics: how citizens judge their politicians' conduct and why it matters*. Cambridge University Press.
- Almond, G., og Verba, S. (1963). *The Civic Culture: Political Attitudes and Democracy in Five Nations*. Princeton University Press.
- Bittner, A. (2011). *Platform or personality? The role of party leaders in elections*. Oxford University Press. <https://academic.oup.com/book/26024>
- Bjarki Ármannsson (2014). „Gísli Freyr játaði lekann fyrir Hönnu Birnu“, *Vísir*. <https://www.visir.is/g/2014595935d/gisli-freyr-jatadi-lekann-fyrir-honnu-birnu>
- Bol, D., Giani, M., Blais, A., og Loewen, P. J. (2021). „The effect of COVID-19 lockdowns on political support: Some good news for democracy?“, *European Journal of Political Research*, 60(2), 497–505. <https://doi.org/10.1111/1475-6765.12401>
- Brown, S. D., Lambert, R. D., Kay, B. J., og Curtis, J. E. (1998). „In the eye of the beholder: Leader images in Canada“, *Canadian Journal of Political Science*, 21(4), 729–755.
- Brynjólfur Þór Guðmundsson (2022). „Salan sem reitti þjóðina til reiði“, RÚV. <https://nyr.ruv.is/frettir/innlent/2022-11-14-salan-sem-reitti-thjodina-til-reidi>
- Cawvey, M., Hayes, M., Canache, D., og Mondak, J. J. (2017). „Biological and psychological influences on interpersonal and political trust“, í E. M. Uslander (Ed.), *The Oxford Handbook of Social and Political Trust* (Issue October, bls. 119–147). Oxford University Press. <https://doi.org/10.1093/oxfordhb/9780190274801.013.11>
- Chou, M., Gagnon, J.-P., Hartung, C., og Pruitt, L. J. (2017). *Young People, Citizenship and Political Participation: Combating Civic Deficit?* Rowman og Littlefield International Ltd.
- Citrin, J. (1974). Comment: „The political relevance of trust in Government“, *The American Political Science Review*, 68(3), 973–988. <https://doi.org/10.2307/1959141>
- Citrin, J., og Stoker, L. (2018). „Political trust in a cynical age“, *Annual Review of Political Science*, 21, 49–70. <https://doi.org/10.1146/annurev-polisci-050316-092550>
- Dalton, R. J. (2004). *Democratic Challenges, Democratic Choices: The Erosion of Political Support in Advanced Industrial Democracies*. Oxford University Press.
- Dalton, R. J. (2017). „Political Trust in North America“, í T. W. G. Van der Meer og S. Zmerli (Eds.), *Handbook on Political Trust* (bls. 375–395). Edward Elgar.
- Dassonneville, R., og McAllister, I. (2021). „Explaining the decline of political trust in Australia“, *Australian Journal of Political Science*, 1–18. <https://doi.org/10.1080/10361146.2021.1960272>
- Devine, D., Gaskell, J., Jennings, W., og Stoker, G. (2021). „Trust and the coronavirus pandemic: What are the consequences of and for trust? An early review of the literature“, *Political Studies Review*, 19(2), 274–285. <https://doi.org/10.1177/1478929920948684>
- Devine, D., og Viktor Valgarðsson (2023). „Stability and change in political trust: Evidence and implications from six panel studies“, *European Journal of Political Research*. <https://doi.org/10.1111/1475-6765.12606>
- Easton, D. (1965). *A Systems Analysis of Political Life*. John Wiley og Sons, Inc.
- Easton, D. (1975). „A re-assessment of the concept of political support“, *British Journal of Political Science*, 5(4), 435–457. <https://doi.org/10.1017/S0007123400008309>
- Easton, D., og Hess, R. D. (1962). „The child's political world“, *Midwest Journal of Political Science*, 6(3), 229–246.
- Ercan, S. A., og Gagnon, J.-P. (2014). „The crisis of democracy: Which crisis? Which democracy?“, *Democratic Theory*, 1(2), 1–10. <https://doi.org/10.3167/dt.2014.010201>
- Eva Heiða Önnudóttir, Agnar F. Helgason, Ólafur Þ. Harðarson og Hulda Þórisdóttir (2021). *Electoral Politics in Crisis after the Great Recession: Change, Fluctuations and Stability in Iceland* (1st editio). Routledge. <https://doi.org/https://doi.org/10.4324/9780429436345>
- Gallup. (2023). *Traust til stofnana*. Gallup. <https://www.gallup.is/nidurstodur/thjodarpuls/traust-til-stofnana/>


- Gamson, W. A. (1968). *Power and Discontent*. The Dorsey Press.
- Garzia, D. (2011). „The personalization of politics in Western democracies: Causes and consequences on leader-follower relationships“, *Leadership Quarterly*, 22(4), 697–709. <https://doi.org/10.1016/j.leaqua.2011.05.010>
- Gissur Ó. Erlingsson, Linde, J., og Öhrvall, R. (2016). „Distrust in utopia? Public perceptions of corruption and political support in Iceland before and after the financial crisis of 2008“, *Government and Opposition*, 51(4), 553–579. <https://doi.org/10.1017/gov.2014.46>
- Gomila, R. (2021). „Logistic or linear? Estimating causal effects of experimental treatments on binary outcomes using regression analysis“, *Journal of Experimental Psychology: General*, 150(4), 700–709. <https://doi.org/10.1037/xge0000920>
- Green, J. (2007). „When voters and parties agree: Valence issues and party competition“, *Political Studies*, 55(3), 629–655. <https://doi.org/10.1111/j.1467-9248.2007.00671.x>
- Green, J., og Jennings, W. (2017a). *The Politics of Competence: Parties, Public Opinion and Voters*. Cambridge University Press. <https://doi.org/10.1017/9781316662557>
- Green, J., og Jennings, W. (2017b). „The Politics of Competence: Parties, Public Opinion and Voters“, í *The Politics of Competence*. Cambridge University Press. <https://doi.org/10.1017/9781316662557>
- Grimes, M. (2006). „Organizing consent: The role of procedural fairness in political trust and compliance“, *European Journal of Political Research*, 45(2), 285–315. <https://doi.org/10.1111/j.1475-6765.2006.00299.x>
- Grimmelikhuijsen, S., og Knies, E. (2017). „Validating a scale for citizen trust in government organizations“, *International Review of Administrative Sciences*, 83(3), 583–601. <https://doi.org/10.1177/0020852315585950>
- Guðrún Johnsen og Sigurbjörg Sigurgeirsdóttir (2018a). „Public Trust in Institutions in Pre- and Post-Crisis Iceland (I): Take the Lift Down, But Use the Stairs Up“, í Þ. Ó. Sigurjónsson, D. L. Schwarzkopf, og M. Bryant (Eds.), *The Return of Trust? Institutions and the Public after the Icelandic Financial Crisis* (pp. 53–76). Emerald Publishing.
- Gunnar H. Kristinsson, Indriði H. Indriðason og Viktor Orri Valgarðsson (2012). „Hvað voru kjósendur að hugsa? Forsetakosningar á Íslandi 2012“, *Stjórnmál og Stjórnsýsla*, 8(2), 221–244. <https://doi.org/https://doi.org/10.13177/irpa.a.2012.8.2.2>
- Gylfi Zoega, (2018). „Restoring Confidence in the Aftermath of Iceland’s Financial Crisis“, í Þ. Ó. Sigurjónsson, D. L. Schwarzkopf og M. Bryant (Eds.), *The Return of Trust? Institutions and the Public after the Icelandic Financial Crisis* (pp. 3–28). Emerald Publishing.
- Hamm, J. A., Lee, J., Trinkner, R., Wingrove, T., Leben, S., og Breuer, C. (2016). „On the cross-domain scholarship of trust in the institutional context“, í E. Shockley, T. M. S. Neal, L. M. PytlíkZillig, og B. H. Bornstein (ritstj.), *Interdisciplinary Perspectives on Trust* (bls. 131–156). Springer International Publishing.
- Hamm, J. A., Smidt, C., og Mayer, R. C. (2019). „Understanding the psychological nature and mechanisms of political trust“, *PLoS ONE*, 14(5), 1–20. <https://doi.org/10.1371/journal.pone.0215835>
- Hardin, R. (2004). *Distrust*. Russell Sage Foundation.
- Hardin, R. (2006). *Trust (Key Concepts)* (bls. 206).
- Hay, C. (2007). *Why We Hate Politics*. Polity Press.
- Hegewald, S., og Schraff, D. (2022). „Who rallies around the flag? Evidence from panel data during the Covid-19 pandemic“, *Journal of Elections, Public Opinion and Parties*, 1–22. <https://doi.org/10.1080/17457289.2022.2120886>
- Heimildin (2016). „Tíu stærstu íslensku málin í Panamaskjölunum“, Heimildin. <https://heimildin.is/grein/18262/>
- Heimildin (2018a). „Faðir forsætisráðherra var meðmælandi Hjalta – ráðuneytið hélt því leyndu“, Heimildin. <https://heimildin.is/grein/5421/>
- Heimildin (2018b). „Lögbanni á Stundina hafnað: Umfjöllunin átti erindi við almenning í aðdraganda kosninga“, Heimildin. <https://heimildin.is/grein/7562/>

- Heimildin (2018c). „Ráðherra staðinn að ósannindum: Fékk skýrsluna mánuði fyrir þingslit“, Heimildin. <https://heimildin.is/frett/radherra-stadinn-ad-osannindum-fekk-skyrsluna-manudi-fyrir-thingslit/>
- Hellevik, O. (2009). „Linear versus logistic regression when the dependent variable is a dichotomy“, *Quality and Quantity*, 43(1), 59–74. <https://doi.org/10.1007/s11135-007-9077-3>
- Hetherington, M. J., og Husser, J. A. (2012). „How trust matters: The changing political relevance of political trust“, *American Journal of Political Science*, 56(2), 312–325. <https://doi.org/10.1111/j.1540-5907.2011.00548.x>
- Hetherington, M. J., og Rudolph, T. J. (2018). „Political trust and polarization“, í E. M. Uslaner (Ed.), *The Oxford Handbook of Social and Political Trust* (bls. 579–597). Oxford University Press. <https://doi.org/10.1093/oxfordhb/9780190274801.013.15>
- Hooghe, M. (2011). „Why there is basically only one form of political trust“, *British Journal of Politics and International Relations*, 13(2), 269–275. <https://doi.org/10.1111/j.1467-856X.2010.00447.x>
- Jennings, W., Clarke, N., Moss, J., og Stoker, G. (2017). „The decline in diffuse support for national politics: The long view on political discontent in Britain“, *Public Opinion Quarterly*, 81(3), 748–758. <https://doi.org/10.1093/poq/nfx020>
- Kiley, K., og Vaisey, S. (2020). „Measuring stability and change in personal culture using panel data“, *American Sociological Review*, 85(3), 477–506. <https://doi.org/10.1177/0003122420921538>
- Kim, S.-E. (2005). „The role of trust in the modern administrative state: an integrative model“, *Administration and Society*, 37(5), 611–635. <https://doi.org/10.1177/0095399705278596>
- Laustsen, L., og Bor, A. (2017). „The relative weight of character traits in political candidate evaluations: Warmth is more important than competence, leadership and integrity“, *Electoral Studies*, 49, 96–107. <https://doi.org/10.1016/j.electstud.2017.08.001>
- Lelkes, Y. (2016). „Winners, losers, and the press: The relationship between political parallelism and the legitimacy gap“, *Political Communication*, 33(4), 523–543. <https://doi.org/10.1080/10584609.2015.117031>
- Levi, M. (1998). „A state of trust“, í V. Braithwaite og M. Levi (Eds.), *Trust and governance* (bls. 77–101). Russell Sage.
- Levitsky, S., og Ziblatt, D. (2018). *How Democracies Die* (Kindle Edí). Penguin Books Ltd.
- Lowndes, V., Marsh, D., og Stoker, G. (2018). *Theory and Methods in Political Science* (4. útg.). Palgrave Macmillan.
- Marien, S., og Mariën, S. (2011). „Measuring political trust across time and space“, í H. M. og Z. S. (Eds.), *Political Trust. Why Context Matters* (pp. 13–46). ECPR Press.
- Markús Þ. Þórhallsson (2020). „Ekki forgangsatridi að láta reyna á lögmæti aðgerða“, RÚV. <https://www.ruv.is/frettir/innlent/2020-08-30-ekki-forgangsatridi-ad-lata-reyna-a-logmaeti-adgerda>
- Mayer, R. C., Davis, J. H., og Schoorman, F. D. (1995). „An integrative model of organizational trust“, *The Academy of Management Review*, 20(3), 709–734.
- McAllister, D. J. (1995). „Affect- and cognition-based trust as foundations for interpersonal cooperation in organizations“, *The Academy of Management Journal*, 38(1), 24–59.
- Milla Ósk Magnúsdóttir (2019). „MDE segir Landsrétt ólöglega skipaðan“, RÚV. <https://www.ruv.is/frettir/innlent/mde-segir-landsrett-ologlega-skipadan>
- Miller, A. H. (1974a). „Political issues and trust in government: 1964-1970“, *American Political Science Review*, 68(3), 951–972.
- Miller, A. H. (1974b). „Rejoinder to “Comment” by Jack Citrin: “Political discontent or ritualism?”“, *The American Political Science Review*, 68(3), 989–1001.
- Miller, A. H., Wattenberg, M. P., og Malanchuk, O. (1986). „Schematic assessments of presidential candidates“, *American Political Science Review*, 80(02), 521–540. <https://doi.org/10.2307/1958272>
- Mounk, Y. (2018). *The People vs. Democracy* (Kindle Edí). Harvard University Press.
- Murtin, F., Fleischer, L., Siegerink, V., Aassve, A., Algan, Y., Boarini, R., Gonzalez, S., Lonti, Z., Grimalda, G., Vallve, R. H., Kim, S., Lee, D., Putterman, L. og Smith, C. (2018). *Trust and Its Determinants: Evidence from the Trustlab experiment*. <https://www.oecd-ilibrary.org/content/paper/869ef2ec-en>


- Newton, K. (2008). „Trust and Politics“, í D. Castiglione, J. W. van Deth, og G. Wolleb (ritstj.), *The Handbook of Social Capital* (bls. 241–272). Oxford University Press.
- Norris, P. (1999). *Critical Citizens: Global Support for Democratic Government*. Oxford University Press.
- Norris, P. (2011). *Democratic Deficit: Critical Citizens Revisited*. Cambridge University Press.
- Norris, P. (2017). „The conceptual framework of political support“ í T. W. G. Van der Meer og S. Zmerli (Eds.), *Handbook on Political Trust* (bls. 19–33). Edward Elgar.
- Pancer, S. M., Brown, S. D., og Barr, C. W. (1999). „Forming impressions of political leaders: A cross-national comparison“, *Political Psychology*, 20(2), 345–368. <https://doi.org/10.1111/0162-895X.00148>
- Páll Hreinsson, Sigríður Benediktsdóttir og Tryggvi Gunnarsson (2010). *Aðdragandi og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengdir atburðir [Background and causes of the Icelandic banks' collapse in 2008 and related events]*. <https://www.rna.is/eldri-nefndir/a%0Addragandi-og-orsakir-falls-islensku-bankanna-2008/>
- Plattner, M. F. (2015). „Democracy in decline?“ *Journal of Democracy*, 26(1), 5–10. <https://doi.org/10.1353/jod.2015.0014>
- PytlíkZillig, L. M., og Kimbrough, C. D. (2016). „Consensus on Conceptualizations and Definitions of Trust: Are We There Yet?“ í E. Shockley, T. M. S. Neal, L. M. PytlíkZillig, og B. H. Bornstein (ritstj.), *Interdisciplinary Perspectives on Trust* (bls. 17–48). Springer International Publishing.
- Rousseau, D. M., Sitkin, S. B., Burt, R. S., og Camerer, C. (1998). „Introduction to special topic forum: Not so different after all: A cross-discipline view of trust“, *The Academy of Management Review*, 23(3), 393–404.
- Runciman, D. (2018). *How Democracy Ends* (Kindle Edí). Profile.
- Ruscio, K. P. (1996). „Trust, democracy, and public management: A theoretical argument“, *Journal of Public Administration Research and Theory: J-PART*, 6(3), 461–477.
- Schraff, D. (2021). „Political trust during the Covid-19 pandemic: Rally around the flag or lockdown effects?“ *European Journal of Political Research*, 60(4), 1007–1017. <https://doi.org/10.1111/1475-6765.12425>
- Sigurbjörg Sigurgeirsdóttir og Guðrún Johnsen (2018b). „Public Trust in Institutions in Pre- and Post-Crisis Iceland (II): Institutional Mistrust“, í Þ. Ó. Sigurjónsson, D. L. Schwarzkopf, og M. Bryant (Eds.), *The Return of Trust? Institutions and the Public after the Icelandic Financial Crisis* (bls. 151–170). Emerald Publishing.
- Sjöfn Vilhelmsdóttir (2020). *Political Trust in Iceland: Determinants and trends, 1983 to 2018* (Issue February) [University of Iceland]. <https://doi.org/10.13140/RG.2.2.10734.77124>
- Sjöfn Vilhelmsdóttir og Gunnar H. Kristinsson (2018). „Political trust in Iceland: Performance or politics?“ *Stjórnmal & Stjórnsýsla*, 14(1), 211–234. <https://doi.org/10.13177/irpa.a.2018.14.1.10>
- Smith, G. (2009). „Revitalising politics through democratic innovation?“ *Representation*, 45(3), 259–264. <https://doi.org/10.1080/00344890903129475>
- Stiers, D., Larner, J., Kenny, J., Breitenstein, S., Vallée-Dubois, F., og Lewis-Beck, M. (2019). „Candidate authenticity: „To thine own self be true““, *Political Behavior*, 0123456789. <https://doi.org/10.1007/s11109-019-09589-y>
- Stoker, G. (2017). *Why Politics Matters* (Second Edí). Palgrave Macmillan.
- Theiss-Morse, E., og Barton, D.-G. (2017). „Emotion, cognition, and political trust“, í S. Zmerli og T. W. G. Van der Meer (Eds.), *Handbook on Political Trust* (bls. 160–175). Edward Elgar.
- Torcal, M. (2017). „Political Trust in Western and Southern Europe“, í T. W. G. Van der Meer og S. Zmerli (Eds.), *Handbook on Political Trust* (pp. 418–440). Edward Elgar.
- Torcal, M., og Christmann, P. (2021). „Responsiveness, performance and corruption: Reasons for the decline of political trust“, *Frontiers in Political Science*, 3(júli), 1–13. <https://doi.org/10.3389/fpos.2021.676672>
- Tómas Bjarnason (2012). „Traust í kreppu: Traust til Alþingis, lögreglu, stjórnmálamanna og forseta Íslands í kjölfar hrunsins“, *Íslenska Þjóðfélagið*, 5(2), 19–38.
- Tyler, T. R. (2006). *Why People Obey the Law*. Princeton University Press.

- Uslaner, E. M. (2002). *The Moral Foundations of Trust*. Cambridge University Press.
- Uslaner, E. M. (2018). „The study of trust“, í E. M. Uslaner (Ed.), *The Oxford Handbook of Social and Political Trust* (pp. 3–13). Oxford University Press. <https://doi.org/10.1093/oxfordhb/9780190274801.013.39>
- van der Meer, T. W. G. (2017). „Political Trust and the „Crisis of Democracy”“, í *Oxford Research Encyclopedia of Politics* (Issue February, bls. 1–22). <https://doi.org/10.1093/acrefore/9780190228637.013.77>
- van Ham, C., Thomassen, J., Aarts, K., og Andeweg, R. (2017). *Myth and Reality of the Legitimacy Crisis: Explaining Trends and Cross-National Differences in Established Democracies*. Oxford University Press.
- Viktor Orri Valgarðsson, Clarke, N., Jennings, W., og Stoker, G. (2021). „The Good politician and political trust: An authenticity gap in British politics?“, *Political Studies*, 69(4), 858–880. <https://doi.org/10.1177/0032321720928257>
- Zmerli, S., og van der Meer, T. W. G. (2017). „Handbook on Political Trust“, í *Edward Elgar*. Edward Elgar. <https://doi.org/10.4337/9781782545118.00022>
- Ægir Þór Eysteinnsson (2015). „Umboðsmaður: Hanna Birna hafði ítrekuð og mikil afskipti af rannsókn lekamálsins“, *Kjarninn*. <https://kjarninn.is/frettir/umbodsmadur-hanna-birna-hafdi-itrekud-og-mikil-afskipti-af-rannsokn-lekamalsins/>

Viðauki 1



Mynd V1. Hlutfall svarenda sem valdi hvern eiginleika stjórnmalafólks í fyrsta sæti í forgang, 2020-2023.



Mynd V2. Forspárbreytur fyrir traust til Alþingis eftir árum, úr könnunum Maskínu 2020-2023.

Tafla V1. Væntingar til stjórn mála fólks. Forspárbreytur fyrir forgangs röðun svarenda í könnunum Maskínu á eiginleikum stjórn mála fólks, 2020-2023. Niðurstöður úr línulegri aðhvarfsgreiningu.

	Þjóðar- innar	Segi satt	Sé hæft	Stefnu- málum	Almanna- hag	Á alþjóða- vettvangi	Sömu kjör	Venju- legt fólk	Umhugað
Kona	-0.04 (0.02)	0.03 (0.02)	0.05 * (0.02)	0.02 (0.02)	-0.06 ** (0.02)	-0.05 * (0.02)	0.01 (0.02)	-0.01 (0.02)	0.03 (0.02)
30 til 39 ára	0.05 (0.04)	0.00 (0.04)	-0.04 (0.04)	-0.03 (0.04)	0.05 (0.04)	-0.04 (0.04)	0.03 (0.03)	0.01 (0.04)	-0.07 (0.04)
40 til 49 ára	0.10 * (0.04)	0.02 (0.04)	-0.00 (0.04)	-0.17 *** (0.04)	0.09 * (0.04)	-0.00 (0.04)	-0.02 (0.03)	0.04 (0.04)	-0.09 * (0.04)
50 til 59 ára	0.09 * (0.04)	-0.03 (0.04)	0.02 (0.04)	-0.16 *** (0.04)	0.09 * (0.04)	0.02 (0.04)	-0.04 (0.03)	0.03 (0.04)	-0.06 (0.04)
60 ára og eldri	0.05 (0.04)	-0.01 (0.04)	-0.02 (0.04)	-0.18 *** (0.04)	0.05 (0.04)	0.02 (0.04)	-0.03 (0.03)	0.03 (0.04)	-0.11 ** (0.04)
Framhaldsskóli	0.01 (0.04)	-0.00 (0.03)	0.01 (0.04)	0.00 (0.03)	0.02 (0.03)	0.01 (0.03)	0.01 (0.03)	-0.04 (0.04)	-0.09 * (0.04)
Háskóli	-0.02 (0.04)	-0.06 (0.03)	0.05 (0.04)	0.00 (0.03)	0.03 (0.03)	0.10 ** (0.03)	-0.04 (0.03)	-0.06 (0.03)	-0.13 *** (0.04)
Landsbyggð	-0.03 (0.02)	0.01 (0.02)	0.05 * (0.02)	-0.01 (0.02)	-0.02 (0.02)	-0.02 (0.02)	0.00 (0.02)	-0.01 (0.02)	-0.01 (0.02)
Tekjur	0.04 (0.04)	-0.01 (0.03)	0.07 (0.04)	0.00 (0.04)	0.03 (0.04)	0.02 (0.03)	-0.04 (0.03)	0.04 (0.03)	-0.10 ** (0.04)
R ²	0.13	0.21	0.09	0.04	0.16	0.14	0.03	0.01	0.04
Adj. R ²	0.12	0.20	0.08	0.03	0.15	0.13	0.02	-0.00	0.03
N	1907	1907	1907	1907	1907	1907	1907	868	868

Tafla V2. Traust til alþingismanna. Forspárbreytur fyrir traust til alþingismanna í könnunum Maskínu 2020-2023. Niðurstöður úr línulegri og tvígilda (e. logistic) aðhvarfsgreiningu.

	Línuleg	Tvígilda
Kona	0.02 * (0.01)	0.08 (0.07)
30 til 39 ára	-0.03 * (0.01)	-0.14 (0.14)
40 til 49 ára	-0.03 (0.01)	-0.11 (0.14)
50 til 59 ára	-0.04 ** (0.01)	-0.16 (0.14)
60 ára og eldri	-0.03 * (0.01)	-0.11 (0.13)
Framhaldsskóli	0.01 (0.01)	0.05 (0.11)
Háskóli	0.05 *** (0.01)	0.23 * (0.11)
Landsbyggð	0.03 *** (0.01)	0.14 (0.08)
Tekjur	0.04 ** (0.01)	0.18 (0.12)
Framsóknarflokk	-0.04 ** (0.01)	-0.17 (0.13)
VG	-0.05 *** (0.01)	-0.21 (0.12)
Samfylkingu	-0.13 *** (0.01)	-0.55 *** (0.11)
Pírata	-0.26 *** (0.01)	-1.17 *** (0.14)
Viðreisn	-0.11 *** (0.01)	-0.47 *** (0.14)
Miðflokkinn	-0.18 *** (0.02)	-0.78 *** (0.16)
Flokk Fólksins	-0.26 *** (0.02)	-1.17 *** (0.20)
R ²	0.23	
Adj. R ²	0.22	
N	3522	3522
AIC		3926.71
BIC		4068.55
Log Likelihood		-1940.36
Deviance		880.39

Tafla V3. Væntingar til stjórnmalafólks og traust til alþingismanna. Forspárbreytur fyrir forgangsroðun svarenda í könnunum Maskínu á eiginleikum stjórnmalafólks, 2020-2023. Niðurstöður úr línulegri aðhvarfsgreiningu.

	Þjóðar- innar	Segi s att	Sé hæft	Stefnu- málum	Almanna- hag	Á alþjóða- vettvangi	Sömu kjör	Venju- legt fólk	Um- hugað
Traust til alþingismanna	-0.10 ** (0.04)	-0.23 *** (0.04)	0.07 (0.04)	0.16 *** (0.04)	-0.19 *** (0.04)	0.22 *** (0.04)	0.03 (0.03)	-0.01 (0.04)	-0.06 (0.05)
Kona	-0.02 (0.02)	0.03 (0.02)	0.03 (0.02)	0.01 (0.02)	-0.03 (0.02)	-0.06 *** (0.02)	0.01 (0.01)	-0.01 (0.02)	0.03 (0.02)
30 til 39 ára	0.07 * (0.04)	0.01 (0.03)	-0.01 (0.04)	-0.06 (0.03)	0.02 (0.03)	-0.06 (0.03)	0.02 (0.03)	0.01 (0.04)	-0.07 (0.04)
40 til 49 ára	0.10 ** (0.04)	0.00 (0.03)	0.02 (0.04)	-0.19 *** (0.03)	0.07 * (0.03)	-0.01 (0.03)	-0.01 (0.03)	0.04 (0.04)	-0.10 * (0.04)
50 til 59 ára	0.10 ** (0.04)	-0.05 (0.03)	0.02 (0.04)	-0.20 *** (0.03)	0.09 ** (0.03)	0.03 (0.03)	-0.02 (0.03)	0.03 (0.04)	-0.06 (0.04)
60 ára og eldri	0.08 * (0.03)	-0.06 (0.03)	-0.01 (0.03)	-0.22 *** (0.03)	0.04 (0.03)	0.01 (0.03)	-0.01 (0.02)	0.03 (0.04)	-0.11 ** (0.04)
Framhaldsskóli	0.03 (0.03)	-0.04 (0.03)	0.01 (0.03)	-0.01 (0.03)	0.04 (0.03)	0.02 (0.03)	-0.01 (0.02)	-0.04 (0.04)	-0.08 * (0.04)
Háskóli	0.03 (0.03)	-0.08 ** (0.03)	0.04 (0.03)	-0.02 (0.03)	0.08 ** (0.03)	0.10 *** (0.03)	-0.07 *** (0.02)	-0.06 (0.04)	-0.12 ** (0.04)
Landsbyggð	-0.01 (0.02)	0.01 (0.02)	0.03 (0.02)	-0.00 (0.02)	-0.03 (0.02)	-0.01 (0.02)	0.00 (0.01)	-0.01 (0.02)	-0.00 (0.02)
Tekjur	0.06 (0.03)	-0.08 ** (0.03)	0.07 * (0.03)	0.02 (0.03)	0.02 (0.03)	0.03 (0.03)	-0.03 (0.02)	0.04 (0.03)	-0.09 * (0.04)
R ²	0.12	0.17	0.08	0.03	0.15	0.13	0.02	0.01	0.05
Adj. R ²	0.12	0.16	0.08	0.03	0.15	0.13	0.02	-0.00	0.04
N	2599	2599	2599	2599	2599	2599	2599	865	865

Tafla V4. Væntingar til stjórnmálafólks, traust til alþingismanna og flokkur kosinn. Forspárbreytur fyrir forgangsröðun svarenda í könnunum Maskínu á eiginleikum stjórnmálafólks, 2020-2023. Niðurstöður úr línulegri aðhvarfsgreiningu.

	Þjóðar- innar	Segi satt	Sé hæft	Stefnu- málum	Almanna- hagsmunum	Alþjóða- vettvangi	Sömu kjör	Venju- legt fólk	Umhugað um fólk
Traust til alþingismanna	-0.04 (0.05)	-0.10 * (0.05)	0.03 (0.05)	0.17 *** (0.05)	-0.12 * (0.05)	0.15 ** (0.05)	0.04 (0.04)	-0.01 (0.04)	-0.06 (0.05)
Kona	-0.04 (0.02)	0.03 (0.02)	0.05 * (0.02)	0.02 (0.02)	-0.05 * (0.02)	-0.05 * (0.02)	0.01 (0.02)	-0.01 (0.02)	0.03 (0.02)
30 til 39 ára	0.05 (0.04)	-0.00 (0.04)	-0.04 (0.04)	-0.02 (0.04)	0.05 (0.04)	-0.04 (0.04)	0.03 (0.03)	0.01 (0.04)	-0.07 (0.04)
40 til 49 ára	0.10 * (0.04)	0.02 (0.04)	-0.00 (0.04)	-0.16 *** (0.04)	0.09 * (0.04)	0.00 (0.04)	-0.02 (0.03)	0.04 (0.04)	-0.10 * (0.04)
50 til 59 ára	0.09 * (0.04)	-0.03 (0.04)	0.01 (0.04)	-0.16 *** (0.04)	0.09 * (0.04)	0.02 (0.04)	-0.04 (0.03)	0.03 (0.04)	-0.06 (0.04)
60 ára og eldri	0.05 (0.04)	-0.02 (0.04)	-0.02 (0.04)	-0.18 *** (0.04)	0.05 (0.04)	0.02 (0.04)	-0.03 (0.03)	0.03 (0.04)	-0.11 ** (0.04)
Framhaldsskóli	0.01 (0.04)	-0.00 (0.03)	0.01 (0.04)	-0.00 (0.03)	0.02 (0.03)	0.01 (0.03)	0.01 (0.03)	-0.04 (0.04)	-0.08 * (0.04)
Háskóli	-0.01 (0.04)	-0.05 (0.03)	0.05 (0.04)	-0.01 (0.03)	0.03 (0.03)	0.10 ** (0.03)	-0.04 (0.03)	-0.06 (0.04)	-0.12 ** (0.04)
Landsbyggð	-0.02 (0.02)	0.02 (0.02)	0.05 * (0.02)	-0.02 (0.02)	-0.02 (0.02)	-0.02 (0.02)	0.00 (0.02)	-0.01 (0.02)	-0.00 (0.02)
Tekjur	0.05 (0.04)	-0.01 (0.03)	0.06 (0.04)	-0.01 (0.04)	0.03 (0.04)	0.02 (0.03)	-0.04 (0.03)	0.04 (0.03)	-0.09 * (0.04)
Framsóknarflokk	0.07 (0.04)	0.07 * (0.03)	-0.02 (0.04)	-0.03 (0.04)	0.01 (0.04)	-0.02 (0.04)	-0.02 (0.03)		
VG	0.06 (0.04)	0.09 * (0.04)	0.01 (0.04)	-0.08 * (0.04)	0.08 * (0.04)	-0.06 (0.04)	-0.07 * (0.03)		
Samfylkingu	0.15 *** (0.04)	0.08 ** (0.03)	-0.01 (0.04)	-0.11 ** (0.03)	0.15 *** (0.03)	-0.12 *** (0.03)	-0.06 * (0.03)		
Pírata	0.10 * (0.04)	0.14 *** (0.04)	0.03 (0.04)	-0.09 * (0.04)	0.14 *** (0.04)	-0.10 ** (0.04)	-0.06 (0.03)		
Viðreisn	0.08 (0.04)	0.09 * (0.04)	-0.06 (0.04)	-0.10 * (0.04)	0.08 (0.04)	-0.03 (0.04)	-0.03 (0.03)		
Miðflokkinn	-0.03 (0.05)	0.05 (0.05)	-0.10 (0.05)	0.08 (0.05)	-0.01 (0.05)	-0.00 (0.05)	0.07 (0.04)		
Flokk Fólksins	0.14 * (0.06)	0.19 *** (0.05)	-0.08 (0.06)	-0.07 (0.06)	-0.00 (0.05)	-0.09 (0.05)	0.02 (0.04)		
R ²	0.13	0.21	0.09	0.04	0.16	0.15	0.03	0.01	0.05
Adj. R ²	0.12	0.20	0.08	0.03	0.15	0.14	0.02	-0.00	0.04
N	1902	1902	1902	1902	1902	1902	1902	865	865

Tafla V5. Væntingar til stjórnmalafólks. Forspárbreytur fyrir forgangsröðun svarenda í könnunum Maskínu á eiginleikum stjórnmalafólks, 2020-2023. Niðurstöður úr *tvígilda* (e. logistic) aðhvarfsgreiningu.

	Þjóðar- innar	Segi satt	Sé hæft	Stefnu- málum	Almanna- hag	Á alþjóða- vettvangi	Sömu kjör	Venju- legt fólk	Um- hugað
Kona	-0.17 (0.10)	0.18 (0.12)	0.21 * (0.10)	0.11 (0.11)	-0.28 ** (0.11)	-0.26 * (0.11)	0.07 (0.14)	-0.16 (0.24)	0.31 (0.22)
30 til 39 ára	0.23 (0.20)	0.02 (0.22)	-0.17 (0.19)	-0.13 (0.19)	0.24 (0.21)	-0.20 (0.23)	0.24 (0.25)	0.19 (0.48)	-0.42 (0.33)
40 til 49 ára	0.46 * (0.20)	0.15 (0.21)	-0.01 (0.19)	-0.76 *** (0.19)	0.46 * (0.20)	0.04 (0.22)	-0.15 (0.25)	0.51 (0.47)	-0.72 * (0.36)
50 til 59 ára	0.42 * (0.20)	-0.16 (0.22)	0.07 (0.19)	-0.73 *** (0.19)	0.48 * (0.21)	0.14 (0.22)	-0.35 (0.26)	0.40 (0.49)	-0.36 (0.35)
60 ára og eldri	0.23 (0.18)	-0.06 (0.20)	-0.10 (0.18)	-0.84 *** (0.18)	0.24 (0.19)	0.13 (0.21)	-0.26 (0.23)	0.37 (0.46)	-0.79 * (0.33)
Framhaldsskóli	0.05 (0.16)	-0.03 (0.18)	0.04 (0.16)	0.01 (0.17)	0.12 (0.17)	0.07 (0.18)	0.08 (0.20)	-0.39 (0.36)	-0.60 * (0.30)
Háskóli	-0.07 (0.16)	-0.34 (0.18)	0.22 (0.16)	0.01 (0.17)	0.16 (0.17)	0.55 ** (0.18)	-0.37 (0.21)	-0.62 (0.36)	-0.99 ** (0.31)
Landsbyggð	-0.12 (0.11)	0.09 (0.12)	0.22 * (0.11)	-0.06 (0.11)	-0.12 (0.11)	-0.09 (0.12)	0.02 (0.14)	-0.16 (0.24)	-0.05 (0.22)
Tekjur	0.20 (0.17)	-0.07 (0.19)	0.30 (0.17)	0.00 (0.17)	0.16 (0.18)	0.12 (0.19)	-0.29 (0.22)	0.51 (0.39)	-0.84 ** (0.33)
AIC	2423.80	2024.74	2507.34	2351.03	2214.51	2104.43	1565.03	568.38	644.55
BIC	2540.42	2141.36	2623.95	2467.65	2331.13	2221.05	1681.65	616.04	692.21
Log Likelihood	-1190.90	-991.37	-1232.67	-1154.52	-1086.26	-1031.21	-761.52	-274.19	-312.27
Deviance	2381.80	1982.74	2465.34	2309.03	2172.51	2062.43	1523.03	548.38	624.55
N	1907	1907	1907	1907	1907	1907	1907	868	868

Tafla V6. Væntingar til stjórnmalafólks og traust til alþingismanna. Forspárbreytur fyrir forgangsstöðun svarenda í könnunum Maskínu á eiginleikum stjórnmalafólks, 2020-2023. Niðurstöður úr *tvígilda* (e. logistic) aðhvarfsgreiningu.

	Þjóðar- innar	Segi satt	Sé hæft	Stefnu- málum	Almanna- hag	Á alþjóða- vettvangi	Sömu kjör	Venju- legt fólk	Um- hugað
Traust til alþingismanna	-0.47 ** (0.18)	-1.20 *** (0.20)	0.31 (0.18)	0.78 *** (0.19)	-0.96 *** (0.19)	1.28 *** (0.21)	0.28 (0.24)	-0.11 (0.48)	-0.57 (0.45)
Kona	-0.11 (0.09)	0.19 * (0.09)	0.14 (0.09)	0.05 (0.09)	-0.14 (0.09)	-0.34 *** (0.10)	0.08 (0.12)	-0.16 (0.24)	0.35 (0.22)
30 til 39 ára	0.35 * (0.16)	0.04 (0.17)	-0.06 (0.16)	-0.26 (0.15)	0.12 (0.17)	-0.32 (0.19)	0.19 (0.21)	0.18 (0.48)	-0.45 (0.33)
40 til 49 ára	0.47 ** (0.16)	0.04 (0.17)	0.11 (0.16)	-0.84 *** (0.16)	0.36 * (0.17)	-0.01 (0.18)	-0.03 (0.21)	0.52 (0.47)	-0.78 * (0.36)
50 til 59 ára	0.46 ** (0.16)	-0.26 (0.17)	0.07 (0.16)	-0.87 *** (0.16)	0.45 ** (0.17)	0.16 (0.18)	-0.15 (0.21)	0.40 (0.49)	-0.35 (0.35)
60 ára og eldri	0.37 * (0.15)	-0.28 (0.16)	-0.03 (0.15)	-0.98 *** (0.15)	0.22 (0.16)	0.06 (0.17)	-0.09 (0.19)	0.37 (0.46)	-0.77 * (0.33)
Framhaldsskóli	0.13 (0.13)	-0.19 (0.14)	0.06 (0.13)	-0.04 (0.14)	0.22 (0.14)	0.09 (0.15)	-0.11 (0.16)	-0.38 (0.36)	-0.56 (0.30)
Háskóli	0.13 (0.13)	-0.40 ** (0.14)	0.17 (0.13)	-0.12 (0.14)	0.42 ** (0.14)	0.56 *** (0.15)	-0.60 *** (0.17)	-0.60 (0.37)	-0.96 ** (0.31)
Landsbyggð	-0.04 (0.09)	0.07 (0.10)	0.13 (0.09)	-0.02 (0.09)	-0.16 (0.09)	-0.08 (0.10)	0.03 (0.12)	-0.15 (0.25)	0.00 (0.22)
Tekjur	0.28 (0.14)	-0.44 ** (0.15)	0.29 * (0.14)	0.07 (0.15)	0.11 (0.15)	0.17 (0.16)	-0.23 (0.19)	0.52 (0.39)	-0.77 * (0.33)
AIC	3297.82	2920.66	3391.48	3200.37	3010.87	2807.45	2138.70	569.66	639.14
BIC	3379.90	3002.74	3473.56	3282.45	3092.95	2889.53	2220.78	622.05	691.53
Log Likelihood	-1634.91	-1446.33	-1681.74	-1586.19	-1491.44	-1389.73	-1055.35	-273.83	-308.57
Deviance	3269.82	2892.66	3363.48	3172.37	2982.87	2779.45	2110.70	547.66	617.14
N	2599	2599	2599	2599	2599	2599	2599	865	865

Tafla V7. Væntingar til stjórn málafólks, traust til alþingismanna og flokkur kosinn. Forspárbreytur fyrir forgangsröðun svarenda í könnunum Maskínu á eiginleikum stjórn málafólks, 2020-2023. Niðurstöður úr *tvígilda* (e. logistic) aðhvarfsgreiningu.

	Þjóðar- innar	Segi satt	Sé hæft	Stefnu- málum	Almanna- hagsmunum	Alþjóða- vettvangi	Sömu kjör	Venju- legt fólk	Umhugað um fólk
Traust til alþingismanna	-0.20 (0.24)	-0.58 * (0.26)	0.14 (0.23)	0.82 *** (0.24)	-0.62 * (0.25)	0.89 *** (0.27)	0.33 (0.31)	-0.11 (0.48)	-0.57 (0.45)
Kona	-0.17 (0.10)	0.19 (0.12)	0.21 * (0.10)	0.09 (0.11)	-0.26 * (0.11)	-0.28 * (0.11)	0.05 (0.14)	-0.16 (0.24)	0.35 (0.22)
30 til 39 ára	0.23 (0.20)	0.00 (0.22)	-0.17 (0.19)	-0.09 (0.19)	0.24 (0.21)	-0.21 (0.23)	0.22 (0.25)	0.18 (0.48)	-0.45 (0.33)
40 til 49 ára	0.47 * (0.20)	0.14 (0.22)	-0.02 (0.19)	-0.73 *** (0.19)	0.46 * (0.20)	0.05 (0.22)	-0.16 (0.25)	0.52 (0.47)	-0.78 * (0.36)
50 til 59 ára	0.43 * (0.20)	-0.18 (0.22)	0.06 (0.19)	-0.71 *** (0.19)	0.47 * (0.21)	0.16 (0.22)	-0.35 (0.26)	0.40 (0.49)	-0.35 (0.35)
60 ára og eldri	0.24 (0.18)	-0.07 (0.20)	-0.11 (0.18)	-0.83 *** (0.18)	0.24 (0.19)	0.15 (0.21)	-0.26 (0.23)	0.37 (0.46)	-0.77 * (0.33)
Framhaldsskóli	0.06 (0.16)	-0.02 (0.18)	0.04 (0.16)	-0.01 (0.17)	0.12 (0.17)	0.09 (0.18)	0.09 (0.20)	-0.38 (0.36)	-0.56 (0.30)
Háskóli	-0.06 (0.16)	-0.31 (0.18)	0.20 (0.16)	-0.03 (0.17)	0.17 (0.17)	0.54 ** (0.18)	-0.37 (0.21)	-0.60 (0.37)	-0.96 ** (0.31)
Landsbyggð	-0.11 (0.11)	0.10 (0.12)	0.22 * (0.11)	-0.08 (0.11)	-0.10 (0.11)	-0.11 (0.12)	0.01 (0.14)	-0.15 (0.25)	0.00 (0.22)
Tekjur	0.21 (0.17)	-0.06 (0.19)	0.29 (0.17)	-0.04 (0.17)	0.17 (0.18)	0.10 (0.19)	-0.28 (0.23)	0.52 (0.39)	-0.77 * (0.33)
Framsóknarflokk	0.30 (0.18)	0.48 * (0.21)	-0.08 (0.17)	-0.13 (0.18)	0.04 (0.18)	-0.08 (0.19)	-0.12 (0.23)		
VG	0.30 (0.18)	0.61 ** (0.22)	0.03 (0.18)	-0.36 (0.19)	0.39 * (0.20)	-0.30 (0.19)	-0.65 * (0.28)		
Samfylkingu	0.70 *** (0.16)	0.53 ** (0.19)	-0.05 (0.16)	-0.51 ** (0.17)	0.79 *** (0.17)	-0.66 *** (0.18)	-0.56 * (0.22)		
Pírata	0.44 * (0.20)	0.86 *** (0.23)	0.12 (0.20)	-0.41 * (0.21)	0.72 *** (0.22)	-0.53 * (0.22)	-0.47 (0.27)		
Viðreisn	0.36 (0.19)	0.57 * (0.22)	-0.25 (0.19)	-0.45 * (0.20)	0.41 * (0.21)	-0.12 (0.20)	-0.21 (0.26)		
Miðflokkinn	-0.14 (0.24)	0.37 (0.29)	-0.44 (0.24)	0.37 (0.24)	-0.06 (0.25)	0.01 (0.25)	0.42 (0.28)		
Flokk Fólksins	0.62 * (0.26)	1.08 *** (0.29)	-0.34 (0.26)	-0.36 (0.28)	0.00 (0.27)	-0.43 (0.30)	0.18 (0.32)		
AIC	2418.22	2017.84	2501.51	2334.75	2205.43	2090.63	1562.34	569.66	639.14
BIC	2540.34	2139.95	2623.62	2456.86	2327.54	2212.75	1684.45	622.05	691.53
Log Likelihood	-1187.11	-986.92	-1228.75	-1145.37	-1080.71	-1023.32	-759.17	-273.83	-308.57
Deviance	2374.22	1973.84	2457.51	2290.75	2161.43	2046.63	1518.34	547.66	617.14
N	1902	1902	1902	1902	1902	1902	1902	865	865

